

1. Þingsetning

Guðmundur Ágúst Ingvarsson formaður Handknattleikssambands Íslands setti 49. ársþing HSÍ og bauð þingfulltrúa velkomna til þing. Hann bað **Kjartan Steinbach**, um að taka við.

Kjartan bað þinggesti um að huga að því að vera málefnalegir, skilvirkir við málflutning og minnti menn á að slökkva á farsímum sínum meðan á þingi stæði...

Að svo búnu var gengið til dagskrár.

2. Kosning Kjörbréfanefndar

Í Kjörbréfanefnd voru eftirtalin kjörin:

- Þorbjörg Gunnarsdóttir
- Guðmundur Skúli Stefánsson
- Guðmundur Erlendsson

Tillaga var samþykkt án mótframboða. Formaður lýsti því nefndina réttkjörna og bað nefndarmenn um að hefja störf.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Til þingforseta var kjörinn **Kjartan Steinbach** og varaþingforseta **Örn Magnússon**. Tillaga var samþykkt án mótframboða.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Formaður lagði fram tillögur um **Katrínu Mixa** sem þingritara og **Þorbjörgu Gunnarsdóttur** sem varaþingritara. Tillagan var samþykkt án gagentillögu. Þingritarar tóku þá til starfa. Formaðurinn bað því næst settan þingforseta um að taka við stjórn þingsins.

5. Þinggerð síðasta ársþings lögð fram

Kjartan lagði formlega fram þinggerð síðasta ársþings og benti á að hún lægi frammi hjá Kjörbréfanefndinni. Engar fyrirspurnir eða viðbætur bárust um hana og var hún þ.a.l. samþykkt.

6. Kosning þingnefnda

6.1. Í Fjárhagsnefnd voru kjörin:

- **Ásgerður Halldórsdóttir**
- **Árni Þór Árnason**
- **Sigurjón Pétursson**

6.2. Í Laga- og reglanefnd voru kjörin:

- **Helga Magnúsdóttir**
- **Vala Valtýsdóttir**
- **Pétur Vilberg**

6.3. Í Allsherjarnefnd voru kjörnir:

- **Hannes Karlsson**
- **Einar Guðmundsson**
- **Andrés Gunnlaugsson**

Engar gagntillögur bárust og töldust þau öll þar með réttkjörin.

7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Skýrslu stjórnar bar fram **Erla Gísladóttir** fulltrúi Kjörbréfanefndar. Eftirtalin félög höfðu skilað inn kjörbréfum:

Afturelding	3 fulltrúar, enginn mættur
Árman Þróttur	2 fulltrúar, 2 mættir
FH	4 fulltrúar, 1 mættur
Gróttá	4 fulltrúar, 3 mættir
Haukar	4 fulltrúar, 1 mættur
HK	4 fulltrúar, 3 mættir
Höttur	2 fulltrúar, 1 mættur
ÍBV	4 fulltrúar, 1 mættur
ÍR	4 fulltrúar, 2 mættir
KA	4 fulltrúar, 4 mættir
Selfoss	4 fulltrúar, 4 mættir
Stjarnan	4 fulltrúar, 3 mættir
Valur	4 fulltrúar, 2 mættir
Víkingur	3 fulltrúar, 0 mættir
Þór	3 fulltrúar, 3 mættir
Héraðss. Skagfjörður	1 fulltrúi, 1 mættur
UMSK	1 fulltrúi, 1 mættur

Tók þá við **Guðmundur Ingvarsson**, formaður HSÍ. Hann flutti stutt erindi. Hann taldi að markaðsmálin hefðu ekki fengið þá umfjöllun sem handboltinn verðskuldaði. Það þyrfti að vinna að því að efla frekar ímyndina og leita leiða til fjáröflunar fyrir sambandið.

Sett var upp fréttá- og upplýsingasíða á netinu sem hafði ekki alveg jafn mikil áhrif og vonast hafði verið eftir og fáir sem uppfærðu fréttir þar.

Rekstur var í járnnum og þarf að horfa í hverja krónu. Hann á frekar von á því að það sé það umhverfi sem HSÍ muni þurfa að búa við. Tekjur koma í auknum mæli frá ÍSÍ. Helgast það af því að alþingi og ríkisstjórn hafa aukið framlög til íþróttamála, sem væri þakkarvert.

Hann vakti einnig athygli á að dómaramál væru oft í ólestri og taldi hann úrbóta þörf. Þá þakkaði hann dómurum fyrir störf þeirra og hét á betrubætur í málefnum þeirra.

Fleiri formannafundir munu verða haldnir á þessu ári heldur en því síðasta. Farið verður nánar í stefnumörkun, greiningar og markmiðssetningu. Ólympíusamhjálpin hefur hjálpað við að efla ímynd sambandsins. Það er mikið tækifæri og góður grundvöllur að uppbyggingarstarfi innan skólanna.

Þá nefndi Guðmundur brotthvarf Viggós Sigurðssonar, þar sem hann sagði starfi sínu lausu. Guðmundur þakkaði honum fyrir gott starf og ágætan árangur.

Loks þakkaði Guðmundur Einari Þorvarðarsyni framkvæmdastjóra HSÍ, Róbert Gíslasyni og Þorbjörgu Gunnarsdóttur fyrir vel unnið starf fyrir Handknattleikssambandið. Þá þakkaði hann þeim sjálfboðaliðum sem hafa starfað í stjórn og nefndum.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

48. Ársþing HSÍ var haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal 12.mars 2005. Fyrir þinginu lágu margar tillögur til breytinga á lögum og reglugerðum sambandsins. Góð mæting var á þingið og stóð það í 1 dag. Á þinginu voru kostnir í stjórn þeir Kjartan K Steinback og Friðrik Friðriksson tveir stjórnarmenn gáfu ekki kost á sér til áfram haldandi setu það voru Knútur Hauksson og Friðrik Jóhannsson og var þeim þakkað gott starf, í varastjórn var kosin Þorbjörg Gunnarsdóttir.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 24 bókaðan fund og þar að auki marga síma fundi og hefur tölvupóstur verið mikið notaður í samskiptum stjórnar. Fyrir þetta þing voru haldin fundur með formönnum aðildarfélaganna í fundaraðstöðu ÍBR í Laugardal. Snérist þessi fundur um mótakerfið í efstu deild karla og kvenna farið var yfir markaðsmál og kom fram á fundinum að menn vildu standa við þær breytingar sem gerðar voru á síðasta ársþingi. Skipuð var nefnd sem hélt fund viku eftir formannafund og staðfesti hún að halda sig við ákvörðun frá 48. ársþingi HSÍ um efstu deildir karla og kvenna. Varðandi markaðsmálin þá hefur okkur gengið illa að auka umfjöllun þrátt fyrir nýtt deildar fyrirkomulag og er það augljóst að við þurfum að ná að búa til fjármagn til markaðsetningar á efstu deildum karla og kvenna. Það getur tekið tíma en það er ljóst að auglýsingar sem minna á hverja umferð í karla og kvennadeildum verða að koma fram í fjölmiðlum. Varan sem deildarkeppnin er hefur fengið mjög neikvæða umfjöllun í fjölmiðlum undanfarin ár og hafa einnig þjálfarar og forsvarsmenn ekki verið sammála um fyrirkomulagið.

Rekstur sambandsins er viðráðanlegur en stöðugt aðhald þarf að hafa við reksturinn. Árið 2005 var dýrt ár vegna allra þeirra verkefna sem að landsliðin unnu sér rétt til að

taka þátt í og þurfti að halda vel á spilunum til þess að kostnaðurinn færi ekki úr böndum. Öflun nýrra samstarfs,- og styrktaraðila er mikilvægur og hefur HSÍ t.d. haft KB banka og Flugleiðir sem aðalsamstarfsaðila. Afreksmannasjóður úthlutaði myndarlegum styrkjum til karlalandsliðsins á árinu. Þrátt fyrir mikil verkefni á árinu 2005 var íþróttalegur árangur undir væntingum að mati stjórnar HSÍ og þegar slíkt gerist verður reksturinn þyngri þar sem erfiðara er að fá samstarfsaðila til liðs við sambandið.

ÍSLANDSMÓT.

Þetta keppnistímabil hefur verið mjög spennandi þar sem að sex lið falla að loknu tímabilinu. Fyrirkomulagið sem leikið var 2004 fékk mjög neikvæða umfjöllun hjá sumum fjölmiðlum og líka hluta okkar félaga. Fyrir þessu þingi liggur ein tillaga um að staðfesta mótafyrirkomulagið næsta vetur og er hún sett upp með það fyrir augum að búa til tvær deildir keppnistímabilið 2006 – 2007. SS - Bikarmeistarar nú í lok febrúar 2006 varð Stjarnan eftir úrslitaleik við Hauka og í kvennaflokki léku til úrslita ÍBV og Haukar og sigruðu Haukastúlkur í þeim leik. Í DHL deild karla vann lið Hauka eftir 3 úrslitaleiki við ÍBV og í DHL deild kvenna léku Haukar og ÍBV til úrslita og þurfti 3 leiki til þess að knýja fram úrslit þar sem að Hauka stúlkur sigruðu.

Nú keppnistímabilið 2006-2007 liggur fyrir að sex karla lið falla niður í fyrstu deild og munu átta lið verða eftir Úrvalsdeild og eru þetta mjög miklar breytingar frá því sem áður var og taldi hreyfingin að þær væru karlaboltanum til framdráttar. Var mikil eining á bak við þessa tillögu á síðasta þingi. Mikil umræða á sér stað um dómaramál innan félaga og hjá áhorfendum og er ljóst að umbóta er þörf og jafnframt þarf hugarfarsbreytingu gagnvart dómurum og starfi þeirra.

YNGRI FLOKKAR.

Á síðasta þingi voru samþykktar margar tillögur til breytinga á keppni í yngri flokkunum.

Mikil umræða er innan hreyfingarinnar hvort fara eigi í breytta flokkaskiptingu frá 4. flokki og niður í 8. flokk. Ársþing HSÍ þarf að setja á laggirnar millipinganefnd sem fer yfir og skoðar hvort handknattleikshreyfingin eigi að breyta aldurskiptingu í yngstu flokkum í eitt ár eins og t.d. er gert í körfuknattleiknum.

Nú hefur legið fyrir Alþingi tillaga um ferðajöfnunarsjóð s.l. þrjú ár en virðist ekkert er að gerast í því máli. Hafa allir stjórnarálflokkar staðið að baki þessarar tillögu en virðist hún hafa verið svæfð á hinu háa Alþingi. Mikil gróska er í starfi yngstu flokkana hjá flestum félögum og vel unnið í þeim málum og t.d. er komin 4. deild í 4. flokki sem við höfum ekki séð undanfarin ár. Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um skólamót og ekki hefur tekist að koma því í gang ennpá en HSÍ hefur fengið styrk frá Olympic solidarity found til útbreiðslu á íþróttinni og ætlum við okkur að koma á laggirnar kynningu á handknattleik í skólum landsins í samstarfi við skólanefnd ÍSÍ og Handknattleikssamband Evrópu ásamt Olympic solidarity found og gera íþróttina að skólaíþrótt. Til þess að vel tiltakist þurfa félögin að aðstoða okkur með þetta verkefni.

LANDSLIÐIN.

Í júní lék karlalandsliðið við Hvít Rússa tvo leiki um réttinn til þátttöku á EM í Sviss og unnust þeir leikir nokkuð örugglega. Síðan hófst undirbúningur fyrir EM í Sviss og gekk undirbúningurinn mjög vel meðal annars vann liðið sterkt mót í Póllandi í haust. Á EM gekk liðinu vel og hafnaði í 7. sæti sem er frábær árangur og settu mikil meiðsli leikmanna strík í reikninginn og komumst við aldrei að því hvað við hefðum getað náð langt með allan mannskapinn heilan. Eftir EM sagði Viggó Sigurðsson starfi sínu lausu og vill stjórn HSÍ nota tækifærið þakka honum fyrir vel unnin störf. Við landsliðsþjálfarastarfinu tók Alfreð Gíslason og verður hans fyrsta verkefni æfingabúðir í Þýskalandi nú um Páskana. Framundan er viðureign við Svía í júní mánuði um farseðilinn á HM í Þýskalandi sem fram fer í Janúar 2007. Er þetta mjög krefjandi verkefni en í því felst jafnframt mikið tækifæri fyrir okkur.

Verkefni kvennalandsliðsins eru að aukast jafnt og þétt og tók liðið þátt í undankeppni EM í haust og fór mótið fram á Ítalíu og hafnaði liðið í 4. sæti og komst áfram. Í Apríl fer liðið til Tékklands og leikur þar 4. leiki síðan koma Hollendingar og leika þrjá leiki á Íslandi og munum við síðan leika 2 leiki við Hollendinga í Hollandi áður en liðið mætir Makedóníu heima og að heiman í lok maí byrjun júní. Ef að liðið sigrar í þessari viðureign kemst liðið inn á EM í Svíþjóð. Stefán Arnarson hefur verið þjálfari kvennalandsliðsins undanfarinn ár og unnið gott starf.

21.ára landslið pilta vann sér rétt í úrslitum Heimsmeistaramótsins sem fram fór í Ungverjalandi í ágúst s.l og hafnaði liðið í 9.sæti. Forkeppnin fyrir þetta mót var haldið á Íslandi um Páskana og vann Íslenska liði nokkuð örugglega riðilinn og fékk farseðilinn í úrslitinn. Á HM varð árangur liðsins mikil vonbrigði þar sem að þetta lið varð Evrópumeistari árið 2003.

20. ára landslið stúlkna komst ekki í gegnum forkeppni EM sem fram fór í Frakklandi. Tók liðið einnig þátt í Nordic Open í lok júlí.

18 ára landslið drengja tók þátt í Opna Evrópumeistaramótinu sem fram fór í Júlí 2005 í Svíþjóð og hafnaði liðið 12 sæti af 24 liðum.

17 ára landslið stúlkna tók þátt í forkeppni EM og var leikið á Íslandi nánar tiltekið í íþróttahúsinu í Digranesi. Liðið lenti í 3. sæti í sínum riðli. Einnig fór liðið til Noregs og tók þátt í Nordic Open og lenti í síðasta sæti.

16 ára landslið pilta tók þátt í tveimur mótum í Frakklandi og Þýskalandi gekk liðinu ekki sem skildi á þessum mótum.

SAMSTARFSAÐILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, en það eru Visa, Vífilfell, Flugleiðir, KB-banki, RÚV, KJ. Kjartansson, 10-11, VÍS, Stoð, Flugfélag Íslands, Sláturfélag Suðurlands, Laugar, Hekla, Fönn, Lyfja, Morgunblaðið, prentsmiðjan Oddi, Samskip, DHL, Lengjan og Margt smátt. Án samstarfs við þessa aðila værum við lítils megnug.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt Róbert Gíslasyni og sem séð hefur um skipulagningu móta ásamt öðrum störfum. Þorbjörg Gunnarsdóttir hefur séð um skráningu leikskýrslna og dómara kvittanna í sjálfboðavinnu. Stöðugildi eru því tvö um áramót 2005/2006.

Formaður HSÍ

Guðmundur Ágúst Ingvarsson

Landsliðsnefnd karla

Landsliðsnefndin var skipuð eftirfarandi mönnum síðastliðið starfsár:

Jóhann Ingi Gunnarsson, formaður

Ingibjörg Ragnarsdóttir

Friðrik Guðmundsson

Jens Einarsson

Ásgeir Jónsson
Gauti Grétarsson

Hér á eftir fylgja úrslit þeirra leikja sem A-landslið karla, 20 ára landslið pilta og 18, ára og 16 landslið drengja tóku þátt í á árinu 2005.

Landsleikir á vegum Handknattleikssambands Íslands 2005 Karlar

A-landslið Karla

Dags.	Leikur	Úrslit	Keppni
5.1.2005	ÍSLAND - Svíþjóð	28-29	Vináttulandsleikir
7.1.2004	ÍSLAND - Svíþjóð	31-36	Vináttulandsleikir
14.1.2005	ÍSLAND - Frakkland	26-30	XXX Torneo Espania
15.1.2005	ÍSLAND - Spánn	31-39	XXX Torneo Espania
16.1.2005	ÍSLAND - Egyptaland	30-21	XXX Torneo Espania
23.1.2005	ÍSLAND - Tékkland	34-34	HM Túnis
25.1.2005	ÍSLAND - Slóvenía	33-34	HM Túnis
26.1.2005	ÍSLAND - Kúweit	30-21	HM Túnis
28.1.2005	ÍSLAND - Rússland	22-29	HM Túnis
29.1.2005	ÍSLAND - Alsír	34-25	HM Túnis
25.3.2005	ÍSLAND - Pólland	38-33	Vináttulandsleikir
29.3.2005	ÍSLAND - Pólland	28-32	Vináttulandsleikir
21.5.2005	ÍSLAND - Pólland	31-30	Vináttulandsleikir
21.5.2005	ÍSLAND - Færeyjar	39-18	Vináttulandsleikir
22.5.2005	ÍSLAND - Færeyjar	36-27	Vináttulandsleikir
6.6.2005	ÍSLAND - Svíþjóð	23-25	Vináttulandsleikir
7.6.2005	ÍSLAND - Svíþjóð	31-31	Vináttulandsleikir
12.6.2005	ÍSLAND - Hvíta Rússland	37-25	Undankeppni EM
18.6.2005	ÍSLAND - Hvíta Rússland	34-31	Undankeppni EM
27.10.2005	ÍSLAND - Pólland	38-37	Poznan tournament
28.10.2005	ÍSLAND - Danmörk	32-32	Poznan tournament
29.10.2005	ÍSLAND - Noregur	26-23	Poznan tournament
25.11.2005	ÍSLAND - Noregur	32-23	Vináttulandsleikir
26.11.2005	ÍSLAND - Noregur	33-33	Vináttulandsleikir
27.11.2005	ÍSLAND - Noregur	32-26	Vináttulandsleikir

Samtals 25 leikir.

21.árs landslið pílta

25.3.2005	ÍSLAND	-	Holland	33-27	Forkeppni HM
26.3.2005	ÍSLAND	-	Úkraína	35-32	Forkeppni HM
27.3.2005	ÍSLAND	-	Austurríki	36-24	Forkeppni HM
29.7.2005	ÍSLAND	-	Danmörk	29-29	Nordic Open
30.7.2005	ÍSLAND	-	Svíþjóð	20-23	Nordic Open
31.7.2005	ÍSLAND	-	Noregur	34-31	Nordic Open
16.8.2005	ÍSLAND	-	Kongó	41-15	HM 21.árs
17.8.2005	ÍSLAND	-	Chile	43-23	HM 21.árs
19.8.2005	ÍSLAND	-	Spánn	31-32	HM 21.árs
20.8.2005	ÍSLAND	-	Þýskaland	27-30	HM 21.árs
22.8.2005	ÍSLAND	-	Egyptaland	25-30	HM 21.árs
23.8.2005	ÍSLAND	-	Danmörk	25-33	HM 21.árs
25.8.2005	ÍSLAND	-	S-Kórea	34-33	HM 21.árs
27.8.2005	ÍSLAND	-	Ísrael	35-32	HM 21.árs

Samtals 14 leikir.

18.ára landslið drengja.

5.7.2005	ÍSLAND	-	Tékkland	18-20	Evrópumót
6.7.2005	ÍSLAND	-	Noregur	18-15	Evrópumót
7.7.2005	ÍSLAND	-	Slóvakía	19-27	Evrópumót
8.7.2005	ÍSLAND	-	Austurríki	24-23	Evrópumót
10.7.2005	ÍSLAND	-	Slóvenía	18-21	Evrópumót
11.7.2005	ÍSLAND	-	Pólland	26-28	Evrópumót
11.7.2005	ÍSLAND	-	Sviss	26-23	Evrópumót

Samtals 7 leikir.

16.ára landslið drengja

28.10.2005	ÍSLAND	-	Danmörk	22-38	Pierry Tiby tourn
29.10.2005	ÍSLAND	-	Frakkland	23-34	Pierry Tiby tourn
30.10.2005	ÍSLAND	-	Þýskaland	17-37	Pierry Tiby tourn
27.12.2005	ÍSLAND	-	Danmörk	21-32	Hela cup
28.12.2005	ÍSLAND	-	Sviss	25-29	Hela cup
28.12.2005	ÍSLAND	-	Pólland	23-32	Hela cup
29.12.2005	ÍSLAND	-	Slóvakía	30-32	Hela cup
29.12.2005	ÍSLAND	-	Saarland	40-32	Hela cup

Samtals 8 leikir.

Landsliðsþjálfarinn, Viggó Sigurðsson sagði starfi sínu lausu eftir EM í Sviss og var Alfreð Gíslason ráðinn í hans stað. Heimir Ríkharðsson þjálfaði 18 og 16 ára liðinn. Landsliðsnefnd þakkar öllum þeim sem komið hafa að þessum liðum fyrir samstarfið.

Landsliðsnefnd Karla.

Landsliðsnefnd kvenna

Ásta Óskarsdóttir, formaður.
Þór Ottesen.
Júlíana P. Þorvaldsdóttir.
Þorbjörg Gunnarsdóttir.

Hér á eftir fylgja úrslit þeirra leikja sem A-landslið kvenna, 19 ára landslið stúlkna og 17 ára landslið stúlkna á árinu 2005.

Landsleikir á vegum Handknattleikssambands Íslands 2004 Konur

A-landslið Kvenna

Dags.	Leikur	Úrslit	Keppni
22. maí 2005	Ísland - Holland	29-23	Vináttulandsleikur
23. maí 2005	Ísland - Holland	23-26	Vináttulandsleikur
24. maí 2005	Ísland - Holland	23-26	Vináttulandsleikur
11. okt. 2005	Ísland - Slóvakía	35-32	Holland Tournament
12. okt. 2005	Ísland - Tékkland	25-28	Holland Tournament
13. okt. 2005	Ísland - Rúmenía	27-26	Holland Tournament
14. okt. 2005	Ísland - Holland	24-26	Holland Tournament
15. okt. 2005	Ísland - Holland	28-23	Holland Tournament
22. nóv. 2005	Ísland - Ítalía	19-25	Undankeppni HM. Ítalíu
23. nóv. 2005	Ísland - Belgía	34-22	Undankeppni HM. Ítalíu
25. nóv. 2005	Ísland - Sviss	25-22	Undankeppni HM. Ítalíu
26. nóv. 2005	Ísland - Tyrkland	31-32	Undankeppni HM. Ítalíu
27. nóv. 2005	Ísland - Búlgaría	28-28	Undankeppni HM. Ítalíu
21. maí 2005	Ísland b - Færeyjar	31-14	Vináttulandsleikur
22. maí 2005	Ísland b - Færeyjar	26-14	Vináttulandsleikur

Samtals 15 leikir

20 ára landslið stúlkna

Dags.	Leikur	Úrslit	Keppni
25.mars 2005	Ísland - Slóvakía	26-22	Undankeppni HM
26.mars 2005	Ísland - Úkraína	26-28	Undankeppni HM
27.mars 2005	Ísland - Frakkland	19-29	Undankeppni HM

22. júlí 2005	Ísland	-	Danmörk	26-39	Scandinavian Open
23. júlí 2005	Ísland	-	Noregur	24-41	Scandinavian Open
24. júlí 2005	Ísland	-	Svíþjóð	32-26	Scandinavian Open

Samtals 6 leikir

18 ára landslið stúlkna

Dags.	Leikur	Úrslit	Keppni
5.maí 2005	Ísland - Svíþjóð	27-32	Nordic Open
6.maí 2005	Ísland - Danmörk	27-32	Nordic Open
7.maí 2005	Ísland - Noregur	24-31	Nordic Open
13.maí 2005	Ísland - Rússland	19-22	Undankeppni EM
14.maí 2005	Ísland - Litháen	24-29	Undankeppni EM
15.maí 2005	Ísland - Búlgaría	24-23	Undankeppni EM

Samtals 6 leikir

Landsliðsþjálfarinn kvenna er Stefán Arnarson og hefur hann jafnframt tekið að sér 20 ára landsliðið. Aðstoðarmaður Stefáns í landsleikjum Karl Erlingsson.

Karl Erlingsson og Magnús Jónsson hafa verið með 18.ára liðið.

Landsliðsnefnd þakkar öllum þeim sem komið hafa að þessum liðum fyrir samstarfið.

Landsliðsnefnd kvenna.

Mótanefnd

Mótanefnd HSÍ hefur á þessu starfsári verið skipuð Halldóri Inga Andréssyni, Hannesi M. Sigurðssyni, Lindu Udengaard, Guðmundi Stefánssyni og Má Svavarssyni sem er formaður. Róbert Gíslason hefur verið starfsmaður nefndarinnar og allt daglegt starf hennar og stór hluti mótaskipulags hefur hvílt á herðum hans. Mótanefnd færir Róbert sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf og gott samstarf. Þá hefur nefndin sem fyrr átt góð og ánægjuleg samskipti við skrifstofu HSÍ, einkum Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóra sem einnig er ástæða til að þakka fyrir.

Mótanefnd hefur eftir því sem tilefni gefst til fundað aðra hverja viku. Ýmis mál eru þó afgreidd með símatölum, tölvupósti eða á annan hátt hafi þess verið talin þörf. Megin starf mótanefndar var líkt og undanfarin ár skipulag móta og umsjón með framkvæmd þeirra. Á yfirstandandi leiktímabili er nú leikið í einni deild á Íslandsmótinu í meistaraflokki karla og kvenna. Þetta fyrirkomulag hefur tekist ágætlega og almenn ánægja virðist meða það. Þegar hefur verið ákveðið að næsta

leiktímabil verði leikið í tveimur deildum í meistaraflokki karla en óbreytt fyrirkomulag verður hjá konunum. Miklar vonir eru bundnar við þessar breytingar um að nýtt keppnisfyrirkomulag færi aukna spennu í Íslandsmótið, bæti gæði leikja og auki almennan áhuga í handknattleik. Til þess að svo megi verða þurfa félögin að fylgja eftir því mótafyrirkomulagi sem í gildi er á hverjum tíma með samræmdri umgjörð leikja, föstum leikdögum og öflugum markaðsstarfi. Án þess mun áhorfendum ekki fjölga eða áhugi almennt fyrir handknattleik aukast á ný.

Eins og áður segir hefur framkvæmd Íslandsmótsins almennt gengið ágætlega á yfirstandandi keppnistímabili. Mótanefnd hefur lagt nokkra vinnu í endurskoðun þeirra reglna sem um framkvæmd handknattleiksmóta sem nú gilda og fyrir þinginu liggja nokkrar tillögur um breytingar sem nefndin telur vera til bóta.

Mótanefnd hefur eins og áður kynnt félögunum fyrirkomulag mótsins, leikdaga og leiktíma með góðum fyrirvara áður en mót hefst. Félagin hafa síðan fengið nokkurn frest til að gera athugasemdir eða óska eftir breytingum. Nefndin hefur reynt að taka eins mikið tillit til þeirra óska um breytingar og kostur er, en hafa verið í huga að á köflum er leikið mjög þétt og svigrúm til breytinga er ekki mikið. Eftir að frestur til athugasemda er liðinn og búið er að gefa út leikjaskipulagið hefur nefndin ekki ljáð máls á breytingum öðrum en þeim sem óhjákvæmilegar hafa verið vegna landsleikja og þátttöku liða í Evrópukeppnum.

Það er mat nefndarinnar að almennt sé sátt um þessa tilhögun mála og flest félögin hafa fullan skilning á nauðsyn þess að þessu fyrirkomulagi og að haldið sé þétt um taumana. Eftir að fyrirkomulag Íslandsmótsins hefur verið gefið út, verða félögin einfaldlega að miða starfsemi sína við það. Það hafa þau í flestum tilvikum líka gert og óskum um breytingar á leikdögum fer mjög fækkandi. Nefndin hefur hins vegar markað þá stefnu að heimila breytingar á leiktíma sé þess talin þörf.

Mótanefnd ber einnig að hafa umsjón með framkvæmd leikja og umgjörð þeirra. Því er ekki að leyna að nokkur brotalöm er í þeim málum, bæði í yngri flokkum og meistaraflokkum. Meðal annars hefur nokkuð borið á því að félög hafa dregið lið úr keppni í einstökum turneringum, jafnvel á síðustu stundu eftir að búið er að raða niður á mót. Þetta er mjög alvarlegt mál og félögin verða einfaldlega að sýna sóma sinn í að mæta á þau mót sem þau hafa skráð lið til þátttöku í, jafnvel þó slíku fylgi ferðalög og kostnaður. Þá ber enn við að dómaramálum sé ábótavant og of mörg félög virðast ekki sjá ástæðu til að senda sitt fólk á dómaramálskeið. Þessi mál eru þó í ágætu lagi hjá mörgum félögum, en önnur þurfa að taka sér tak.

Framkvæmd móta í yngri flokkunum hefur þó almennt tekist ágætlega og á heildina litið eru kvartanir ekki margar og virðist það fórnfúsa starf alls þess fólks sem starfar að skipulagi og framkvæmd þessara móta því ganga ágætlega.

Mótanefnd vill að lokum þakka forráðmönnum félaga og öllum öðrum þeim fjölmörgu aðilum sem hún hefur átt samskipti við ágætt samstarf.

F.h. mótanefndar HSÍ,

Guðm. Stefánsson
varaformaður

Dómaranefnd

Dómaranefnd HSÍ 2005-2006 var skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Hákon B. Sigurjónsson, formaður
Guðmundur K. Erlendsson
Gísli Guðmundsson
Grétar Árnason
Þórir Gíslason


Helstu verkefni nefndarinnar hafa verið eins og endranær að sjá um niðurröðun dómara á leiki sem dómaranefndin hefur umsjón með, halda fundi með dómurum, sjá um fræðslu á námskeiðum, móttöku erlendra dómara, kynningu út á við um áherslur og breytingar á leikreglum, erlend samskipti o.fl. Þá hefur nefndin tekið fyrir fjölda mála og fyrirspurna frá félögunum. Mikill tími nefndarmanna hefur farið í störf nefndarinnar eða á bilinu 1500-1600 klst.

Haustfundur dómara í ár var nokkuð fjölmennur, en mikið vantaði upp á að dómarar á vegum félaganna mættu. Það virðist enn skorta á skilning hjá félögunum að einstaklingar sem hafa gefið sig út í að dæma fyrir félögin mæti á þennan fund til að öðlast þekkingu á þeim áherslum sem lagðar eru fyrir dómara ár hvert og kynnast breyttum leikreglum. Nefndin stendur fast á því að það sé frumskilyrði þess til að bæta dómgæsluna að dómarar mæti til þessa fundar. Við megum ekki slaka á þeim kröfum sem við gerum og ekki má verða afturhvarf til þess tíma, þegar kalla þurfti á einstaklinga ofan úr pöllum til að dæma vegna skorts á dómurum.

Á undanförunum árum hefur nefndin kynnt fyrir félögunum að ef ekki verði fjölgun á dómurum stefni í óefni. Nefndin hefur útskrifað frá keppnistímabilinu 1998-1999 alls 216 dómara á öllum stigum. Innan við 10 einstaklingar hafa komið inn á þessum tíma sem “virkir” dómarar, til framtíðar í deildum og sýnir ljóst að það er ekki áhugavert í hugum þessara einstaklinga að gerast handknattleiksdómari. Nefndin hefur velt mikið fyrir sér hvað valdi þessum litla áhuga og aðal niðurstaðan er sú “viðhorfið” til þessara einstaklinga, sem eru að dæma, er mjög neikvætt og starfið mjög vanþakklátt og í raun ekkert sem laðar fólk til þess að gerast handknattleiksdómari. Það sýnir sig best í þeim könnunum sem voru gerðar á meðal þátttakenda í sl. tveimur dómaranámskeiðum; 10% (2-4 einstaklingar) þeirra sem sóttu námskeiðin höfðu einhvern hug á að takast á við dómgæslu í framtíðinni og komast áfram, sem slíkir, en voru öðru fremur á námskeiðunum fyrir tilstuðlan sinna íþróttafélaga og í sumum tilfellum “uppáþröngvun”.

Í hverri ársskýrslu nefndarinnar, sem öllum félögum hefur verið aðgengileg, hefur verið komið inn á þessi mál og ætti því ekki að koma neinum á óvart, ef dómaraskortur verði til þess að ófyrirsjáanlegar afleiðingar hljóti með að halda úti handknattleiksmótum, þar sem nánast engin fjölgun hefur orðið á “virkum” dómurum, þrátt fyrir öll þau námskeið sem haldin hafa verið. Það er líka umhugsunarefni að félögin skuli kalla á hjálp vegna vöntunar á dómurum til að dæma í yngri flokkum félaganna þegar litið er til þess fjölda sem hefur verið útskrifaður á undanförunum árum. Þess vegna leggur dómaranefndin nú fram tímamótatillögur sem miða að því að fá mun fleiri einstaklinga inn sem dómara og eru félögin gerð þar ábyrg. Jafnframt

verður fyrirkomulagi til að öðlast dómara réttindi gjörbreytt og nú verður netmiðillinn notaður.



Boðað var til námskeiða fyrir öll stig dómgæslunnar í upphafi tímabilsins. Vegna ónógrar þátttöku varð að fella þau niður. Nokkur félög voru í sambandi við dómara nefnd um að halda sérnámskeið. Því miður náðu félögin ekki að tilkynna neina þátttakendur til dómara nefndar HSÍ.

Dómarar í umsjá dómara nefndar hafa gengist í tvígang undir próf, bæði bókleg og líkamleg próf sem eru samkvæmt kröfum EHF og IHF. Þeir dómara sem ekki náðu lágmarks árangri í þrekprófum hafa ekki verið settir á leiki í mfl leikjum karla og kvenna. Nefndin hefur sett sér markmið síðustu árin, sem miða m.a., að því að gera mun meiri kröfur til dómara, um þekkingu, hæfni og líkamlegt þrek. Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari hefur séð um líkamlega prófið og eru honum þökkuð hans störf.

Nefndin hefur útbúið kennslufni á DVD diska fyrir dómara, sem er til dreifingar um þessar mundir. Efnið er fengið frá EHF.

Arnar Kristinsson og Einar Sveinsson hafa hætt af heilsufarsástæðum og eru þeim þökkuð öll þau ár sem þeir hafa lagt fram til hreyfingarinnar sem dómara og þeim óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Þá hefur Hilmar Guðlaugsson einn af EHF yngri dómurum okkar hætt og snúið sér að þjálfun og er honum óskað velfarnaðar þar.

Gunnar og Stefán hafa enn og aftur sýnt það með þátttöku sinni á erlendum stórmótum og verkefnum á vegum EHF og IHF að þeir eru eitt besta dómara þar í heiminum í dag.

Gunnar Viðarsson og Stefán Arnaldsson voru kosnir besta dómara þar ársins af leikmönnum og félögum fyrir keppnistímabilið 2004-2005.

Dómaranefnd leggur áherslu á að auka þarf erlend samskipti til að auka þekkingu og færni í dómgæslu og koma þarf nýjum kandidatapörum okkar á námskeið hjá EHF. Í dag eigum við tvö IHF pör og stýttist í að þeir Gunnar og Stefán hverfi þaðan vegna aldurs og er mjög mikilvægt að þar bætist fljótlega við eitt par, þannig að við höldum okkar hlut og sýnum að við séum enn sterk þjóð í íþróttinni.

EHF hefur samþykkt að taka þá Ingvar Guðjónsson og Jónas Elíasson til prófs sem evrópuþómara og verður það í byrjun apríl að úttekt á þeim fer fram hér á landi.

Starf næsta keppnistímabil mun áfram mótast af enn meiri kröfum um þrek, skilning og kunnáttu í dómgæslu.

Nýtt fyrirkomulag hjá EHF er að alþjóðlegu samböndin tilnefna nú sjálf alla fasta dómara í samstarfi við IHF og eftirlitsmenn, en dómaranefnd HSÍ tilnefnir einungis tvo eftirlitsmenn í viðbót við þá sem tilnefndir eru af EHF og svo kandidatapör og nýja EHF “Young Referee Project” dómara.

EHF tilnefndi eftirtalda:

Stefán Arnaldsson - Gunnar Viðarsson, sem IHF/EHF dómara.

Anton Gylfi Pálsson - Hlynur Leifsson, sem IHF/EHF dómara.

Arnar Sigurjónsson - Svavar Pétursson, sem EHF “Young Referee Project” dómara.

Helgi Hallsson - Hilmar Guðlaugsson, sem EHF “Young Referee Project” dómara.

Gunnar K. Gunnarsson, sem EHF eftirlitsmann.

Hákon B. Sigurjónsson, sem EHF eftirlitsmann.

Helga H. Magnúsdóttir, sem EHF eftirlitsmann.

Kjartan K. Steinbach, sem EHF eftirlitsmann.

Þá tilnefndi dómaranefnd HSÍ eftirtalda:

Ingvar Guðjónsson – Jónas Elíasson, sem EHF dómaraefni

Björn H. Jóhannesson, sem eftirlitsmann.

Óli P. Olsen, sem eftirlitsmann.

Dómaranefnd fagnar þeirri hugmynd að allir leikir verði teknir upp af félögum því það auðveldar að geta farið yfir ágreiningsatriði sem kunna að koma upp.

Dómaranefnd mun halda áfram kalla fyrir dómrapör vegna atvika sem koma upp með það að markmiði auka gæði og framfarir.

Umfjöllun um dómgæslu á ekki að vera til þess að rífa niður íþróttina heldur á hún að snúast um það að byggja hana upp. Í sameiginlegu átaki eigum við að geta breytt því viðhorfi sem er í dag.

Dómaranefndin óskar góðs samstarfs við alla er standa að íþróttinni og þakkar öllum sem hafa komið að störfum hennar. Sérstaklega er íþróttadeild RÚV færðar þakkir fyrir þeirra hjálpssemi að afrita upptökur af umbeðnum leikjum og láta þær til nefndarinnar, til notkunar.

Hákon B. Sigurjónsson (sign) formaður

Aganefnd

Fræðslu og útbreiðslunefnd

Fræðslu-og útbreiðslunefnd hefur lagt mikla vinnu í að aðlaga menntun þjálfara að fræðslukerfi ÍSÍ. Í fræðslukerfi ÍSÍ sem HSÍ er aðili að er skilgreint hvernig þjálfarar geti bætt við menntun sína. Þegar viðkomandi þjálfari hefur sótt námskeið í almennum hluta sem er í höndum ÍSÍ og aðila innan menntakerfisins, eiga þeir kost á að sækja námskeið hjá HSÍ sem hér eftir verða í boði í september og febrúar ár hvert. Þessa dagana er verið að vinna að því að setja upp og samræma hvað kennt verður á hverju námskeiði HSÍ og tekið mið að því sem best gerist á hinum Norðurlöndunum.

Fræðslu og útbreiðslunefnd hefur staðið fyrir tveimur námskeiðum á þessu starfsári. Það fyrra sem heitir 1a. var haldið í Víkinni 2.-4. september 2005. Mjög góð mæting var á þetta námskeið, en um 50 þjálfarar komu þó að allir hafi ekki klárað. Þetta var grunnnámskeið hugsað fyrir þá sem eru að þjálfra yngsta handboltafólkið. Meðal fyrirlesara voru Viggó Sigurðsson, Bergsveinn Bergsveinsson, Stefán Arnarsson, Boris Bjarni, Viðar Halldórsson, Guðmundur S Stefánsson og dómaranefnd HSÍ. Síðara námskeiðið 1b. var haldið í íþróttahúsi Digranesi 24.-26. febrúar 2006. Mæting var nokkuð góð en 21 einstaklingar luku námskeiðinu. Þetta námskeið var beint framhald af námskeiðinu sem við höldum í september og einnig hugsað fyrir yngri flokka þjálfara. Meðal fyrirlesara á námskeiðinu voru Óskar Ármannsson, Gauti Grétarsson, Andri Stefánsson, Hildigunnur Hilmarsdóttir, Sebastián Alexandersson og Axel Stefánsson. Þá stóð Axel Stefánsson fyrir námskeiði 1a. í mars mánuði á Akureyri . 5 þjálfarar sóttu námskeiðið.

Næstu námskeið eru fyrirhuguð fyrstu helgina í september 2006, en þá ætlum við að bjóða upp á tvö námskeið 1a. og 1c. Á síðasta ári óskuðum við eftir því að þjálfarar sendu inn ferilskrá yfir menntun, þjálfaraferil og þau námskeið sem þeir hefðu lokið. Mjög margir sendu inn umbeðnar upplýsingar. Ferilskrárnar hafa verið sendar fræðslustjóra ÍSÍ sem metur almenna hlutann. Helst vantar nánari upplýsingar um hvað farið var yfir á viðkomandi námskeiðum og fylgiskjöl. Þeir þjálfarar sem ekki hafa sent inn gögn eru hvattir til að gera það sem fyrst. Þá vil ég benda þjálfurum á að skoða heimasíðu ÍSÍ www.isisport.is en þar er hægt að sjá hvaða námskeið eru í boði í almennum hluta og hvar þau fara fram. Kennsluskrá HSÍ kom út síðast liðið vor og er hún á heimasíðu HSÍ undir liðnum fræðslu-og útbreiðslunefnd. Þar kemur fram hvað skal kenna á hverju aldurstigi og hvað skal leggja áherslu á samfara því. Við hvetjum öll íþróttafélögin til að nýta sér kennsluskrána og gera þannig barna-og unglिंगastarfið markvissara.

Handboltaskóli HSÍ og KB banka var starfræktur í júní mánuði eins og undan farin ár en hverju handknattleiksfélagi gefst kostur á að senda 4 þátttakendur í skólann. Mjög góð þátttaka var að þessu sinni .

Að lokum viljum við þakka starfsmönnum HSÍ góða samvinnu á liðnu starfsári.

Fræðslu-og útbreiðslunefnd HSÍ

Guðmundur Sk. Stefánsson form.
Hildigunnur Hilmarsdóttir.
Óskar Ármannsson
Axel Stefánsson

Móttökunefnd HSÍ

Eftir síðasta ársþing fengum við Pólverja í heimsókn.

Þeir dvöldu hér frá 22. 03.- 28.03. 05.

Við léku tvo landsleiki við þá í Laugardalshöll dagana 25. og 26. mars 05

Þeir dvöldu á Hótel Nordica við mjög gott yfirlæti.

21.-25. maí fengum við kvennalandslið Hollands í heimsókn.

Við léku tvo landsleiki við þær í Ásgarði 23. og 24. maí 05.

Þær gistu á Hotel Cabin og létu mjög vel af dvölinni á Íslandi.

Um Páskana var haldið mót hjá u-21 árs landsliði karla á Íslandi.

Lið frá Austurríki, Hollandi, Úkraínu auk Íslands léku á mótinu og var leikið í Laugardalshöll.

Liðin gistu á Hótle Cabin og voru allir mjög ánægðir með móttökurnar.

Dagana 13-15.maí var síðan haldinn forkeppnisriðill hér á landi hjá u-16 ára landsliði stúlkna. Leikið var í Digranesi og komu til landsins lið frá Búlgaríu, Rússlandi og Litháen. Dvalið var á Hótel Cabin og létu allir vel af dvölinni.

Landslið Svíþjóðar heimsóttu okkur 06.-09.júní 2005. Við lékum tvo landsleiki við þá 06. og 08. júní, þann fyrri í Kaplakrika og þann síðari á Akureyri. Þeir gistu á Hótel Cabin og voru mjög ánægðir með dvölinna.

Hvít-Rússar komu í heimsókn 11.-13.júní 05. Þeir gistu á Hótel Smára í Kópavogi. Við lékum einn leik við þá 12. júní í Kaplakrika og unnum. Þeir létu mjög vel af dvölinni á Íslandi þrátt fyrir að þeir hafi tapað leiknum.

Norðmenn heimsóttu okkur 25-27.nóvember 2005.

Við lékum þrjá leiki við þá að Varmá, Kaplakrika og í Vestmannaeyjum

Að lokum fengum við karlalandslið Frakka í heimsókn hingað 17.-22. janúar 06.

Við lékum tvo landsleiki við þá 19. og 21.janúar 06. Þeir gistu á Hótel Loftleiðum og voru mjög ánægðir með móttökurnar.

Fyrir hönd móttökunefndar HSÍ vil ég þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við móttöku á þessum gestum okkar , því það er mjög mikilvægt að gestir okkar séu ánægðir með

þær móttökur sem þeir fá hjá okkur, því betri móttökur fáum við þegar við heimsækjum þessar þjóðir.

Fyrir hönd móttökunefndar HSÍ,

Guðmundur Skúli Stefánsson form.

8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar

Ásgerður Halldórsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi. Hún áréttaði að reikningar væru fyrst staðfestir af stjórn, þ.e. formanni, varaformanni og gjaldkera. Þá lægi fyrir áritun endurskoðenda, sem væru **Jón Gestur Viggósson** og **Guðmundur Frímansson**, sem hefðu farið ítarlega yfir reikninginn.

Rekstrartekjur og –gjöld sambandsins á síðasta ári voru lægri í ár heldur en árið á undan vegna þess að árið á undan var ólympíuár.

Hagnaður af rekstri sambandsins árið 2005, að frádregnum fjármagnsliðum, nam samtals **913.120** krónum. Árið áður var tap á rekstri upp á yfir 1.7 milljón.

Þá lagði Ásgerður fram efnahagsreikninga sambandsins frá árinu 2005. Ofangreindur hagnaður af rekstri sambandsins gengur upp í neikvætt eigið fé. Eigið fé er þá núna neikvætt upp á **6.156.406** krónur.

REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGAR

Þingforseti þakkaði Ásgerði Halldórsdóttur fyrir útskýringar á ársreikningi. Þá var orðið gefið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Bað þá þingforseti **Stefán Konráðsson** framkvæmdastjóra ÍSÍ um að taka til máls.

Stefán hrósaði þeim sem koma að rekstri sambandsins. Hann sagði þá hafa unnið verulegt afreksstarf. Þá lagði Stefán áherslu á að þakka ekki bara sambandinu í heild heldur einnig sérstaklega sérsamböndum sem hefðu verið að búa til afreksfólk. Oft gleymdist að þakka þeim.

Þá ítrekaði Stefán að það verði að leggja miklu meira til fræðslustarfsins. Fyrir svo stóra hreyfingu var ekki lögð nærri því næg áhersla á þennan þátt. Að öðrum kosti væru fjármál hreyfingarinnar tilefni til hamingjuóska.

Að lokum skilaði Stefán kveðju frá Ellerti B. Schram, fráfaramandi forseta ÍSÍ í hans fjarveru. Væntanlegir arftaka hans nefndi hann helst Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ, og Ólafur Rafnsson.

Þá óskaði Stefán sambandinu farsældar og heilla, um leið og hann þakkaði fyrir gjöfult og gott starf.

Þingforseti þakkaði Stefáni fyrir góð orð og verðugar ábendingar. Þá gaf hann orðið laust fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þá bar þingforseti skýrslur um rekstrar- og efnahagsreikningana fram til samþykktar.

Rekstrar- og efnahagsreikningar frá árinu 2005 voru samþykktir mótmælalaust.

9. Fjárhagsáætlun lögð fram

Þá bauð þingforseti **Ásgerði Halldórsdóttur** gjaldkera um að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Rekstraráætlun var vísað til fjárhagsnefndar. Enginn gerði athugasemd við það og **var áætlunin samþykkt.**

FJÁRHAGSÁÆTLUN

10. Lagðar fram tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum

Þingforseti minnti á að til að lagabreytingar nái fram að ganga þarf a.m.k. 2/3 hluta atkvæða. En fyrir aðrar reglugerðarbreytingar þarf bara einfaldan meirihluta, skv. lögum HSÍ. Hann skýrði einnig frá því að fundarmenn væru með tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum í möppum sínum. Því næst fór hann lauslega yfir greinargerð tillagna og þeim var vísað til nefnda. **Tillögur voru samþykktar.**

11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa

Enginn tók til máls.

12. Nefndarálit og atkvæðagreiðslur

Fulltrúi Kjörbréfanefndar, Erla Gísladóttir, las þá upp fulltrúa og mætingu til nefndarálita.



49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

31.mars 2006
Pingskjal nr: 04-00

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: HSÍ

- 1.9.** Stjórn HSÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn HSÍ skipa 7 menn kosnir til eins árs í senn. Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann, þá varaformann, síðan ritara, og svo gjaldkera og síðan 3 meðstjórnendur. Næst skal kjósa 3 menn sem varamenn. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir. Fá 2 menn eða fleiri jafnmörg atkvæði skal kosið á milli þeirra einu sinni og fá þeir enn á ný jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti. Formaður skal boða stjórnarfundi og stjórna þeim. Á stjórnarfundi skal boða auk stjórnarmanna, formenn landsliðsnefnda karla og kvenna, formenn mótanefndar og formenn dómara nefndar HSÍ. Hafa þeir tillögurétt og málfrelsi á stjórnarfundum en ekki atkvæðarétt. Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundi skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórn HSÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum starfslýsingu.

Reikningsár HSÍ er frá 1.janúar til 31. desember. Skulu reikningar liggja frammi viku fyrir ársþing. Milliuppgjör

Verður:

- 1.9.** Stjórn HSÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn HSÍ skipa 7 menn kosnir til eins árs í senn. Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann, þá varaformann, síðan ritara, og svo gjaldkera og síðan 3 meðstjórnendur. Næst skal kjósa 3 menn sem varamenn. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir. Fá 2 menn eða fleiri jafnmörg atkvæði skal kosið á milli þeirra einu sinni og fá þeir enn á ný jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti. Formaður skal boða stjórnarfundi og stjórna þeim.

Tilkynning um framboð til embættis formanns eða stjórnar HSÍ skal berast skrifstofu HSÍ minnst 21 degi fyrir þing. Uppstillingarnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar.

Allar kosningar til stjórnar skulu vera skriflegar. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Við kosningu á milli manna á handknattleiksþingi gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Fá fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

Til þess að ná kjöri sem formaður HSÍ, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn, sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

Á stjórnarfundum skal boða auk stjórnarmanna, formenn landsliðsnefnda karla og kvenna, formenn mótanefndar og formenn dómarnefndar HSÍ. Hafa þeir tillögurétt og málfrelsi á stjórnarfundum en ekki atkvæðarétt. Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundum skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.


Stjórn HSÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum starfslýsingu.

Reikningsár HSÍ er frá 1.janúar til 31. desember. Skulu reikningar liggja frammi viku fyrir ársþing. Milliuppgjör skal liggja fyrir 31. ágúst.

Greinargerð:

Það hefur vantað í lögum HSÍ að það sé framboðsfrestur til stjórnar. Það er verið að laga. Eins er verið að bæta stjórnarkjör og gera það skilvirkara.

Þingskjal 4 var vísað til Laganefndar

	<p>49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 <u>Þingskjal nr: 04-01</u></p>
<p>Tillaga um Lög HSÍ Flutningsaðili: HSÍ</p>	

- 1.9.** Stjórn HSÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn HSÍ skipa 7 menn kosnir til eins árs í senn. Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann, þá varaformann, síðan ritara, og svo gjaldkera og síðan 3 meðstjórnendur. Næst skal kjósa 3 menn sem varamenn. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir. Fá 2 menn eða fleiri jafnmörg atkvæði skal kosið á milli þeirra einu sinni og fá þeir enn á ný jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti. Formaður skal boða stjórnarfundum og stjórna þeim. Á stjórnarfundum skal boða auk stjórnarmanna, formenn landsliðsnefnda karla og kvenna, formenn mótanefndar og formenn dómarnefndar HSÍ. Hafa þeir tillögurétt og málfrelsi á stjórnarfundum en ekki atkvæðarétt. Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundum skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórn HSÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum starfslýsingu.

Reikningsár HSÍ er frá 1.janúar til 31. desember. Skulu reikningar liggja frammi viku fyrir ársþing. Milliuppgjör

Verður:

- 1.9.** Stjórn HSÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn HSÍ skipa 7 menn kosnir til eins árs í senn. Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann, þá varaformann, síðan ritara, og svo gjaldkera og síðan 3 meðstjórnendur. Næst skal kjósa 3 menn sem varamenn. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir. Fá 2 menn eða fleiri jafnmörg atkvæði skal kosið á milli þeirra einu sinni og fá þeir enn á ný jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti. Formaður skal boða stjórnarfundi og stjórna þeim.

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar HSÍ skal berast skrifstofu HSÍ minnst 21 degi fyrir þing. Uppstillingarnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar.

Allar kosningar til **formanns og** stjórnar skulu vera skriflegar. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Við kosningu á milli manna á handknattleiksþingi gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Fá fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

Til þess að ná kjöri sem formaður HSÍ, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn, sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

Á stjórnarfundi skal boða auk stjórnarmanna, formenn landsliðsnefnda karla og kvenna, formenn mótanefndar og formenn dómaranefndar HSÍ. Hafa þeir tillögurétt og málfrelsi á stjórnarfundum en ekki atkvæðarétt. Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundi skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórn HSÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum starfslýsingu.

Reikningsár HSÍ er frá 1.janúar til 31. desember. Skulu reikningar liggja frammi viku fyrir ársþing. Milliuppgjör skal liggja fyrir 31. ágúst.

Greinargerð:

Það hefur vantað í lögum HSÍ að það sé framboðsfrestur til stjórnar. Það er verið að laga. Eins er verið að bæta stjórnarkjör og gera það skilvirkara.

Laganefnd lagði til smávægilega orðalagsbreytingu.

Þingskjal 4.1 var samþykkt með meira en 2/3 hluta atkvæða



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 05-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.2.1.1. Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, boltastærð eða annað viðvirkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af fararstjórn eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrof.

2.2.1.2. Kæra skal lögð fram á skrifstofu HSÍ innan tilskilins frests eins og kveðið er á í lögum um dómstóla Handknattleikssambands Íslands. Um málatilbúning að öðru leyti fer samkvæmt fyrrnefndum lögum.

Verður:

2.2.1.1. Kæra skal lögð fram á skrifstofu HSÍ innan tilskilins frests eins og kveðið er á í lögum um dómstóla Handknattleikssambands Íslands. Um málatilbúning að öðru leyti fer samkvæmt fyrrnefndum lögum.

2.2.1.2. Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, boltastærð eða annað viðvirkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af fararstjórn eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrof.

Greinargerð:

Verið að víxla nr. á greinum.

Þingskjal nr. 5 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Pingskjal nr: 06-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSI

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 8. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

Verður:

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 8. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.).

Greinargerð:

Eðlilegt sé að þetta sé á ábyrgð félaga og þjálfara en ekki HSI.

Pingskjali nr. 6 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd vildi engar breytingar gera.

Pingskjal nr. 6 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Pingskjal nr: 07-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSI

2.1.7. Ef öll aðildarfélög íþróttabandalags, héraðssambands eða handknattleiksráðs sameinast um að senda eitt lið í einhverjum aldursflokki, og ekkert þeirra

aðildarfélagi sendir lið í sama aldursflokki, er leikmanni aðildarfélags heimilt að leika með viðeigandi sameiginlegu liði, þrátt fyrir að hann leiki einnig með sínu félagi í öðrum aldursflokki. Leikmaður má aldrei leika í yngri aldursflokki en honum ber.


Verður:

2.1.7. Ef aðildarfélög innan **HSÍ** sameinast um að senda eitt lið í einhverjum aldursflokki, og ekkert þeirra aðildarfélagi sendir lið í sama aldursflokki, er leikmanni aðildarfélags heimilt að leika með viðeigandi sameiginlegu liði, þrátt fyrir að hann leiki einnig með sínu félagi í öðrum aldursflokki. Leikmaður má aldrei leika í yngri aldursflokki en honum ber.

Greinargerð:

Verið að breyta texta við samræmis við raunveruleikann.

Þingskjal nr. 7. var samþykkt samhljóða

	<p>49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 <u>Þingskjal nr: 08-00</u></p>
<p>Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót Flutningsaðili: HSÍ</p>	

2.1.20. Það er á ábyrgð heimaliðs að öryggi leikmanna, starfsmanna, dómara og annara sé tryggt. Bönnuð er með öllu notkun gaslúðra á leikjum. Bannað er að vera með trommur og/eða lúðra fyrir aftan ritara-, tímavarðarborð og skiptisvæði liðanna. Sjá nánar kafla 22 Leiðbeiningar til framkvæmdaraðila leikja, sem Mótanefnd HSÍ setur.

Verður:

2.1.20. Það er á ábyrgð heimaliðs að öryggi leikmanna, starfsmanna, dómara og annara sé tryggt. Bönnuð er með öllu notkun gaslúðra á leikjum. Bannað er að vera með trommur og/eða lúðra fyrir aftan ritara-, tímavarðarborð og skiptisvæði liðanna, **sbr. Handbók um framkvæmd leikja sem Mótanefnd HSÍ gefur út.**

Greinargerð:

Verið að fella þennan kafla úr reglugerð og koma að Handbók sem þegar hefur verið unnin.

Þingskjal nr. 8 var samþykkt samhljóða.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 09-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

HSÍ skulu sjá um samninga fyrir 1. deild karla og kvenna. Um bikarkeppni og aðrar deildir skal HSÍ semja í samráði við félögin í þeim deildum sem um ræðir.

Verður:

2.1.22. Stjórn HSÍ skal semja um útsendingarrétt frá leikjum landsliða. Samtök **deildarfélaga** og stjórn HSÍ skulu sjá um samninga fyrir deild í meistaraflokki karla og kvenna. Um bikarkeppni og aðrar deildir skal HSÍ semja í samráði við félögin í þeim deildum sem um ræðir.

Greinargerð:

Texti færður að raunveruleikanum.

Þingskjal 9 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 10-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.24. Heimboð erlendra handknattleikslíða og utanferðir sambandslíða skulu vera í samráði við viðkomandi handknattleiksráð og með samþykki HSÍ og ÍSÍ.


Verður:

Greinin fellur út að greinarnar þar á eftir færast upp.

Greinargerð:

Telja verður að eðlilegt sé að félög taki ákvarðanir um þessi málefni enda hefur framkvæmdin verið með þeim hætti.

Þingskjal 10 var samþykkt samhljóða

	<p>49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 <u>Þingskjal nr: 11-00</u></p> <p>Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót Flutningsaðili: Dómaranefnd HSÍ</p>
---	--

2.1.26. Þegar lið biður um leikhlé "TTO" skal starfsmaður liðs afhenda tímverði eða ritara grænt spjald, þegar lið hans hefur boltann og er það ígildi þess að beðið sé um leikhlé. Tímverður skal þá flauta strax, um leið og hann eða ritari fá græna spjaldið í hendurnar og gefa dómurunum til kynna að beðið hafi verið um leikhlé. Ekki er nægjanlegt að setja græna spjaldið á borð tímavardar og ritara eða kasta því til þeirra. Ef dómarar taka ekki eftir, t.d. vegna hávaða, að tímavörður flautar til leikhlés og leikur heldur áfram skal tímavörður ná athygli dómaranna og skýra þeim frá að beðið hafi verið um leikhlé og kynna þeim tímann er beðið var um leikhlé. Skal allt nema refsingar falla niður (mark, ákvörðun um köst o.þ.h.) frá þeim tíma er beðið var um leikhlé og þar til dómarar stöðva leiktímann. Tími leiks breytist ekki.

Verður

Greinin fellur út

Greinargerð:

Þetta er í leikreglunum og er óþarfi í reglugerð.

Þingskjal 11 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 12-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSI

2.2.3. Noti félag leikmann sem ekki hefur gilt leikmannaskírteini og hefur ekki verið tilkynntur til HSI sem leikmaður, en er löglegur að öðru leiti skal félagið greiða sem nemur tvöföldu iðkendagjaldi í sekt sem innheimtist á næsta gjalddaga þáttökugjalda og gjalda í jöfnunarsjóð dómarakostnaðar. Aðeins er unnt að sekta einu sinni á keppnistímabili fyrir hvern leikmann þar sem að þegar hann hefur verið settur á skýrslu skal svo litið á að hann hafi verið tilkynntur til HSI.

Verður:

Greinin fellur út og greinarnar þar á eftir færast upp.

Greinargerð:

Verið að fella út grein sem er óþörf.

Þingskjal nr. 12 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 13-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSI

2.2.15. Ef flokkur hefur ekki leik eða gengur úr leik, skal dómari skila skýrslu um málið innan 48 klst. til viðkomandi handknattleiksráðs (HSÍ eigi það við). Reynist ástæður eigi gildar, varðar það leiktapi.

Verður

2.2.15. Ef flokkur hefur ekki leik eða gengur úr leik, skal dómari skila skýrslu um málið innan 48 klst. til skrifstofu HSÍ. Reynist ástæður eigi gildar, varðar það leiktapi. **Dómstólar HSÍ geta kveðið á um réttindi og skyldur aðila máls og beitt viðurlögum sem kveðið er á um í 16. grein laga um Dómstóla HSÍ.**

Kærufrestur til Dómstóls HSÍ eru 24 klst frá því að dómari skilar skýrslu til HSÍ um málið.

Það lið sem hefur ekki leik eða gengur úr leik, skal greiða hinu liðinu sannanlega útlagðan kostnað.

Greinargerð:

Með tillögu þessari er verið að áréttast að Dómstóll HSÍ geti fjallað um mál af þessi tagi og þeim viðurlögum sem unnt er að beita sbr. 1. og 2. tölulið 16.greinar laga HSÍ um Dómstóla.

Eðlilegt er að það lið sem hefur ekki leik eða gengur úr leik, greiði hinu liðinu útlagðan kostnað.

Þingskjal nr. 13 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 14-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.2.17. Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum, sem hér segir:

- c) Flokk, sem hættir leik, áður en dómari gefur merki um að leiktími sé liðinn, má setja í leikbann allt að sex mánuði, bæði flokkinn í heild og hvern einstakan leikmann og dæma allt að kr. 10.000. í sekt.


Verður

Greinin fellur út og greinarnar þar á eftir færast upp

Greinargerð:

Tekið er á þessu í tillögum HSÍ um 2.2.15.

Pingskjal nr. 14 var samþykkt samhljóða

	<p>49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 <u>Pingskjal nr: 15-00</u></p> <p>Tillaga um breytingu á 2.tl 7.gr laga um Dómstóla HSÍ Flutningsaðili: HSÍ</p>
---	--

7. grein - Málsmeðferð.

1. Mál telst höfðað með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.
2. Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Verður

7. grein - Málsmeðferð.

1. Mál telst höfðað með því að kæra berst á skrifstofu HSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.
2. Formaður dómsins skal, svo fljótt sem hægt er, taka afstöðu til þess hvort **kærufrestur samkvæmt 5. grein sé liðinn eða** einhverjir formgallar samkvæmt 6. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Greinargerð:

Ef kæra berst ekki Dómstólum HSÍ innan tilskilins frest er eðlilegt að úrskurðað sé í málinu eins fljótt og unnt er eins og gert er varðandi ákvæði 6. greina. Telja verður eðlilegt að sérstaklega sé getið um þetta í lögum.

Þingskjal nr. 15 var samþykkt samhljóða



49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 Þingskjal nr: 16-00

Tillaga um Reglugerð um Bikarkeppni
Flutningsaðili: HSÍ

5.5. Það lið sem fyrst dregst fær heimaleik, þá skal einnig það lið, sem er í lægri deild, ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deildum. Þurfi að koma til þess að lið í meistaraflokkum karla og kvenna sitji yfir í einstökum umferðum skulu þau lið, sem urðu meistarar á síðasta keppnistímabili sitja yfir í eftirfarandi röð:

1. Íslandsmeistarar
2. Bikarmeistarar
3. Deildarmeistarar
4. Það lið, sem varð í 2. sæti í deildarkeppninni.

Mótanefnd HSÍ ákveður leikstað í úrslitaleikjum, en skal hafa fullt samráð við viðkomandi félag.

Verður

5.5. Það lið sem fyrst dregst fær heimaleik, þá skal einnig það lið, sem er í lægri deild, ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deildum. Þurfi að koma til þess að lið í meistaraflokkum karla og kvenna sitji yfir í einstökum umferðum skulu þau lið, sem urðu meistarar á síðasta keppnistímabili sitja yfir í eftirfarandi röð:

1. Íslandsmeistarar

2. Bikarmeistarar

3. Deildarbikarmeistarar

4. Það lið, sem varð í 2. sæti í deildarkeppninni.

Mótanefnd HSÍ ákveður leikstað í úrslitaleikjum, en skal hafa fullt samráð við viðkomandi félög.

Greinargerð:

Deildarmeistarar eru ekki til lengur.

Þingskjal nr. 16 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 17-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

5.11. Reglugerð þessi öðlast gildi 24.05.1986.

Verður

Greinin fellur út.

Greinargerð:

Reglugerðin er óþörf.

Þingskjal nr. 17 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 18-00**

Tillaga um Reglugerð um Bæjarkeppni HSI
Flutningsaðili: HSI

7. Reglugerð um bæjarkeppni HSI

7.1. Handknattleikssamband Íslands efnir árlega til bæjarkeppni í handknattleik karla.

Allir kaupstaðir landsins hafa rétt til þátttöku í keppninni en þurfa þó að geta séð fyrir keppnishúsi með löglegum velli fyrir handknattleik.

7.2. Framkvæmd keppinnar er þannig:

7.2.1. Tilkynningar um þátttöku þurfa að hafa borist fyrir 1. nóvember. Þáttökugjöld eru engin.

7.2.2. Keppnin er með útsláttarfyrirkomulagi, þ.e. það lið sem tapar leik er úr keppninni. Þau tvö lið

sem standa uppi taplaus að lokum keppa til úrslita.

7.2.3. Þeir kaupstaðir sem ekki eiga lið í 1. deild Íslandsmóts karla skulu jafnan eiga heimaleiki.

7.2.4. Dragist saman lið sem bæði eiga lið í 1. deild eða þá hvorugt skal það lið eiga heimaleik sem dregst á undan. Sama regla gildir þegar kemur að úrslitum keppinnar.

7.2.5. Handknattleiksráð viðkomandi kaupstaða eða aðrir hliðstæðir aðilar skulu velja leikmenn í lið keppinnar, svo og fá til liðsstjórnendur. Lögheimili leikmanna 1. des. ár hvert ákveður með hvaða kaupstað þeir leika.

7.2.6. Mótanefnd Handknattleikssambands Íslands sér um niðurröðun leikja og ákveður dagsetningar. Dómaranefnd HSI setur dómara á leiki.

7.2.7. Keppt er um verðlaunagrip sem Handknattleikssamband Íslands leggur til. Vinnst gripurinn til eignar. Leikmenn þeirra liða sem leika til úrslita fá verðlaunapeninga sem HSI leggur einnig til.

7.2.8. Sjónvarpsréttindi vegna þessarar keppni falla í hlut HSI svo og réttur til að velja stuðningsfyrirtæki keppinnar.

7.2.9. Leikirnir fara fram samkvæmt lögum og reglugerðum HSÍ.


Verður

Greinin fellur út.

Greinargerð:

Ekki hefur verið haldin bæjarkeppni í mörg og því ákvæði hennar tekin út.

Pingskjal nr. 18 var samþykkt samhljóða

	<p>49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 <u>Pingskjal nr: 19-00</u></p>
<p>Tillaga um Reglugerð um Aganefnd Flutningsaðili: HSÍ</p>	

9.5.1. a) 1 leikur í bann:

- útilokun vegna brota er stofna heilsu mótherja í hættu, (16:6,c)
- útilokun vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu leikmanns eða starfsmanns,(16:6,d sbr. 16:8, 4. mgr. sbr. 17:11)
- útilokun vegna óíþróttamannslegrar hegðunar starfsmanns eftir að einn hefur fengið 2 mínútna brottvísun samkvæmt reglu 16:3d (8:4), (17:6,b)

Verður

9.5.1. a) 1 leikur í bann:

- útilokun vegna brota er stofna heilsu mótherja í hættu, (16:6,c)
- útilokun vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu leikmanns eða starfsmanns,(16:6,d sbr. 16:8, 4. mgr. sbr. 17:11)

- útilokun vegna óíþróttamannslegrar hegðunar starfsmanns eftir að einn hefur fengið 2 mínútna brottvísun samkvæmt reglu 16:3d (8:4), (17:6,b)

- **Endurtekna óíþróttamannslega framkomu, (skýrsla dómara)**

Greinargerð:

Vantaði inn í lögin

Pingskjal 19 var samþykkt samhljóða



49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 Pingskjal nr: 20-00

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

9.8.2. Framkvæmdastjóri skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi eftir eðli brotsins. Félag viðkomandi leikmanns eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum.

Viðurlög geta verið eftirfarandi:

- a) áminning
- b) ávítur
- c) sekt að upphæð kr. 30.000
- d) leikbann

Verður

9.8.2. Framkvæmdastjóri skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi **aðila og/eða félag í viðurlög** eftir eðli

brotsins. Félag viðkomandi leikmanns eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum.

Viðurlög geta verið eftirfarandi:


- a) áminning
- b) ávítur
- c) sekt að upphæð kr. **250.000**
- d) leikbann

Greinargerð:

Vantaði inn í lögin og verið að hækka sektirnar.

Þingskjal nr. 20 var vísað til Laganefndar

Þingskjal 20 gengur saman með þingskjali 21.



**49. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 20-01**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSI

9.8.2. Framkvæmdastjóri skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi eftir eðli brotsins. Félag viðkomandi leikmanns eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum.

Viðurlög geta verið eftirfarandi:

- a) áminning
- b) ávítur
- c) sekt að upphæð kr. 30.000

d) leikbann

Verður

9.8.2. Framkvæmdastjóri skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi **aðila og/eða félag í viðurlög** eftir eðli brotsins. Félag viðkomandi leikmanns eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum.

Viðurlög geta verið eftirfarandi:

- a) áminning
- b) ávítur
- c) sekt allt að kr. **150.000**
- d) leikbann

Greinargerð:

Vantaði inn í löginn og verið að hækka sektirnar.

Þingskjal 20.1 var samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn 3.



49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 Þingskjal nr: 21-00

Tillaga um Reglugerð um Heiðursmerkjanefnd
Flutningsaðili: HSÍ

13.2. Merki HSÍ eru 4 talsins.

D) Heiðursmerki HSÍ á krossi.

Heiðursmerki HSÍ skal vera merki HSÍ, í litum HSÍ, og vera á krossi.

Heiðursmerkjanefnd gerir tillögur til árspings um hverjir skuli sæmdir heiðursmerki

HSÍ. Skal sú tillaga hljóta samþykki árspings HSÍ. Heiðursmerki HSÍ skal veitt fyrir frábær störf í þágu handknattleiks á Íslandi, og mega ekki fleiri en 10 manns bera merkið hverju sinni.

Verður

13.2. Merki HSÍ eru 4 talsins.

D) Heiðursmerki HSÍ á krossi.


Heiðursmerki HSÍ skal vera merki HSÍ, í litum HSÍ, og vera á krossi.

Greinargerð:

Verið að taka út þetta með Árspingið þar sem það er óþarfi.

Þingskjal nr. 21 var vísað til Laganefndar.

Laganefnd skoðaði þingskjalið með hliðsjón af þingskjali 20.

	<p>49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 <u>Þingskjal nr: 21-01</u></p>
<p>Tillaga um Reglugerð um Heiðursmerkjanefnd Flutningsaðili: HSÍ</p>	

13.2. Merki HSÍ eru 4 talsins.

D) Heiðursmerki HSÍ á krossi.

Heiðursmerki HSÍ skal vera merki HSÍ, í litum HSÍ, og vera á krossi.

Heiðursmerkjanefnd gerir tillögur til ársþings um hverjir skuli sæmdir heiðursmerki

HSÍ. Skal sú tillaga hljóta samþykki ársþings HSÍ. Heiðursmerki HSÍ skal veitt fyrir frábær störf í þágu handknattleiks á Íslandi, og mega ekki fleiri en 10 manns bera merkið hverju sinni.

Verður

13.2. Merki HSÍ eru 4 talsins.

D) Heiðursmerki HSÍ á krossi.


Heiðursmerki HSÍ skal vera merki HSÍ, í litum HSÍ, og vera á krossi.

Heiðursmerki HSÍ skal veitt fyrir frábær störf í þágu handknattleiks á Íslandi, og mega ekki fleiri en 10 manns bera merkið hverju sinni.

Greinargerð:

Verið að taka út þetta með Ársþingið þar sem það er óþarfi.

Þingskjal 21.1 var samþykkt samhljóða.

	<p>49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 <u>Þingskjal nr:22-00</u></p>
<p>Tillaga um Reglugerð um Laganefnd Flutningsaðili: HSÍ</p>	

14.3. Laganefnd skal skila álitsgerð sinni og tillögum til laga- og/eða reglugerðarbreytinga til stjórnar HSÍ fyrir 1. desember ár hvert til framlagningar á ársþingi HSÍ. Laganefnd getur, ef henni þykir ástæða til og brýna nauðsyn ber til, skilað áliti til stjórnar HSÍ um einstakar afmarkaðar og augljósar villur í texta, endurtekningar eða mótsagnir og þversagnir í lögum eða einstökum reglugerðum, sem gætu orðið tilefni til deilna eða mistúlkunar.


Verður

14.3. Laganefnd skal skila álitserð sinni og tillögum til laga- og/eða reglugerðarbreytinga til stjórnar HSÍ fyrir **1. febrúar** ár hvert til framlagningar á ársþingi HSÍ. Laganefnd getur, ef henni þykir ástæða til og brýna nauðsyn ber til, skilað áliti til stjórnar HSÍ um einstakar afmarkaðar og augljósar villur í texta, endurtekningar eða mótsagnir og þversagnir í lögum eða einstökum reglugerðum, sem gætu orðið tilefni til deilna eða mistúlkunar.

Greinargerð:

Verið að seinka dagssetningu þar sem þingið er oftast eftir 1.mars

Þingskjal 22 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 23-00**

Tillaga um Reglugerð um Mótanefnd
Flutningsaðili: HSÍ

Ný grein

17.12 Mótanefnd skal gefa út Handbók um framkvæmd móta og skal hún birt á heimasíðu HSÍ.

Greinargerð:

Verið að setja inn í reglugerð Handbók um framkvæmd móta. Þótt að heitið sé Handbók þá er nægjanlegt að hún sé birt á heimasíðu HSÍ.

Þingskjal 23 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal**

31.mars 2006
Pingskjal nr: 24-00

Tillaga um Leiðbeiningar til framkvæmdaraðila leikja
Flutningsaðili: HSI

22. Leiðbeiningar til framkvæmdaraðila leikja

Almennt

Mótanefnd gefur út leiðbeiningar, vegna framkvæmdar leikja, til allra framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili leiks er stjórn handknattleiksdeildar þess félags sem á heimaleik. Tilgangurinn með leiðbeiningunum er tvíþættur, þ.e. að samræma framkvæmd leikja, s.s. upphaf og endi hvers leiks, og að auðvelda deildunum að sjá um framkvæmd leikja, þannig að íþróttinni sé sýnd sú virðing sem henni ber. Nú þegar á að hafa farið fram úttekt á öllum íþróttahúsum, þar sem keppnisvellir og öll aðstaða hefur verið tekin út og bent á þær lagfæringar sem þarf að framkvæma fyrir 1. umferð í Íslandsmóti. Leiðbeiningar þessar ná til framkvæmdar allra leikja í öllum flokkum, en að sjálfsgöðu eru kröfurnar mismiklar eftir því hvort selt er inn á leik í deildum eða hvort fram fer keppni í yngri aldursflokkum. Umfram allt þarf að sýna öllum keppendum tilhlýðilega virðingu, s.s. með því að starfsmenn séu alltaf til staðar, keppnisástaða tilbúin þegar leikur á að hefjast (tímavarðarborð, klukka, ritari, tímavörður) og dómara séu með réttindi og í dómaraþúning, svo eitthvað sé nefnt. Leiðbeiningarnar eru ekki tæmandi, en mönnum er bent á að snúa sér til mótanefndar ef þeir þarfnast frekari útskýringa, svo og ef leiðbeiningarnar ná ekki yfir þau atriði sem viðkomandi deildir telja sig þurfa að fá svar við.

Hávaði á leik.

Mótanefnd hefur ákveðið að beina þeim tilmælum til framkvæmdaraðila leikja, að þeir geri ráðstafanir til að minnka hávaða í íþróttahúsum, t.d. með því að takmarka fjölda tromma (1-2 hjá hvoru stuðningsmannaliði). Hægt er að ná upp stemmingu með ýmsum öðrum hætti. Mótanefnd ítrekar að notkun gaslúðra er með öllu bönnuð á leikjum.

Notkun hljóðkerfa.

Notkun hljóðkerfa í leikjum hefur færost nokkuð í vöxt. Notkun þeirra er í lagi ef velsæmis er gætt við notkun þeirra og þau trufli ekki sjálfan leikinn. Ekki má undir neinum kringumstæðum nota þau meðan leikur er í gangi, en við leikstöðvun (“time-out”) s.s. þegar verið er að þurrka gólf og frá því mark hefur verið skorað og þar til dómari flautar frumkast, er í lagi að spila stef úr lögum eða koma upplýsingum til áhorfenda. Með öllu er óheimilt að nota hljóðkerfi til að hvetja lið meðan leikur er í gangi eða koma með athugasemdir um frammistöðu leikmanna eða dómara.

Lið mætir ekki til leiks

Ef lið af einhverjum ástæðum mætir ekki til leiks og ástæður eru ókunnar, ekki “force major”, skal bíða í hámark 15 mín með að flauta leik af. Aðstæður geta þó verið þannig að fresta þurfi leik um einhverjar klukkustundir, t.d. vegna samgönguferfiðleika, en í þeim tilvikum þarf samþykki mótanefndar helst að koma til.

Verður

Greinin fellur út

Greinargerð:

Þetta er í Handbók um framkvæmd leikja sem mótanefnd gefur út.

Þingskjal 24 var samþykkt samhljóða



49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 Þingskjal nr: 25-00

Tillaga um Reglugerð um Jöfnunarsjóð
Flutningsaðili: HSÍ

REGLUGERÐ UM JÖFNUNARSJÓÐ FERÐAKOSTNAÐAR MEISTARAFLOKKS KARLA OG KVENNA Í ÍSLANDSMÓTI

1. gr.

Hvert félag sem leikur í meistaraflokki karla og kvenna er ábyrgt fyrir og greiðir eigin ferðakostnað. HSÍ er vegna þessarar reglugerðar aldrei ábyrgt fyrir greiðslu ferðakostnaðar sem fylgir þátttöku félags í móti á vegum HSÍ.

2. gr.

Inngreiðsla: Hvert lið karla og hvert lið kvenna sem keppir í meistaraflokki skal greiða kr. 50.000.- til HSÍ í jöfnunarsjóð ferðakostnaðar fyrir hvert tímabil sem tekið er þátt í. Gjaldþagi fyrir yfirstandandi keppnistímabil er: þann 1. nóv. Kr. 50.000.-

HSÍ sér um innheimtu gjalda þessara. HSÍ hefur heimild til skuldajafnaðar á inneignum félags vegna sjónvarpsréttar eða vegna annarra inneigna hjá HSÍ.

Félagi er ekki heimilt að skrá lið til keppni í meistaraflokki ef það er skuldugt við HSÍ vegna jöfnunarsjóðsins.

3. gr.

Útborgun: Ferðakostnaður hvers liðs vegna hvers leiks í deildarkeppni Íslandsmóts skal metin skv. Eftirfarandi: Ferðakostnaður milli Reykjavíkur-Akureyrar kr. 65.000.-. Ferðakostnaður milli Reykjavíkur-Vestmannaeyja kr. 45.000.-. Ferðakostnaður milli Akureyri-Vestmannaeyja kr. 90.000.-. Vestmannaeyjar-Selfoss kr. 35.000.-. Þessi kostnaður leggst á hvern leik sem leikinn er. Ferðakostnaður þessi er aðeins fram að leikjum í 8 liða úrslitakeppni en jöfnunarsjóðurinn gildir ekki um leiki í 8 liða úrslitum eða bikarkeppni.

Við útborgun skal reiknaður út meðaltalsferðakostnaður, þ.e. heildarferðakostnaður deilt með fjölda liða. Þau lið þar sem ferðakostnaður er yfir meðaltalsferðakostnaði fá greiddar jöfnunarsjóðinn í réttu hlutfalli við fjárhæð ferðakostnaðar. Greiðslur úr jöfnunarsjóði skulu greiddar til liða 1. des., 1. mars og 1. júní ár hvert. HSÍ er heimilt að skuldajafna inneign í jöfnunarsjóði við aðra skuld félagsins við HSÍ.

4.gr.

Lið skal aldrei fá endurgreitt hærrí fjárhæð úr jöfnunarsjóði en þannig að það greiði meðaltalsferðakostnað. Ef inneign er í jöfnunarsjóði eftir útreikning og útgreiðslu þá skulu eftirstöðvar nýtast í jöfnunarsjóði á næsta keppnistímabili. HSÍ sér um skiptingu þess fjár. Ef lið skrá sig til deildarkeppni frá stöðum á landsbyggðinni þar sem eðlilegt er að fljúga til og frá í leiki þá skal HSÍ áætla ferðakostnað vegna þeirra leikja með svipuðum hætti og gert er skv. 3.gr.

Verður

22. Reglugerð um jöfnunarsjóð ferðakostnaðar meistaraflokks karla og kvenna í Íslandsmóti

22.1. Hvert félag sem leikur í meistaraflokki karla og kvenna er ábyrgt fyrir og greiðir eigin ferðakostnað. HSÍ er vegna þessarar reglugerðar aldrei ábyrgt fyrir greiðslu ferðakostnaðar sem fylgir þátttöku félags í móti á vegum HSÍ.

22.2. Inngreiðsla: Hvert lið karla og hvert lið kvenna sem keppir í meistaraflokki skal greiða kr. 50.000.- til HSÍ í jöfnunarsjóð ferðakostnaðar fyrir hvert tímabil sem tekið er þátt í. Gjaldlagi fyrir yfirstandandi keppnistímabil er: þann 1. nóv. Kr. 50.000.-

HSÍ sér um innheimtu gjalda þessara. HSÍ hefur heimild til skuldajafnaðar á inneignum félags vegna sjónvarpsréttar eða vegna annarra inneigna hjá HSÍ.

Félagi er ekki heimilt að skrá lið til keppni í meistaraflokki ef það er skuldugt við HSÍ vegna jöfnunarsjóðsins.

- 22.3.** Útborgun: Ferðakostnaður hvers liðs vegna hvers leiks í deildarkeppni Íslandsmóts skal metin skv. Eftirfarandi: Ferðakostnaður milli Reykjavíkur-Akureyrar kr. 65.000.-. Ferðakostnaður milli Reykjavíkur-Vestmannaeyja kr. 45.000.-. Ferðakostnaður milli Akureyri-Vestmannaeyja kr. 90.000.-. Vestmannaeyjar-Selfoss kr. 35.000.-. Þessi kostnaður leggst á hvern leik sem leikinn er. Ferðakostnaður þessi er aðeins fram að leikjum í 8 liða úrslitakeppni en jöfnunarsjóðurinn gildir ekki um leiki í 8 liða úrslitum eða bikarkeppni.

Við útborgun skal reiknaður út meðaltalsferðakostnaður, þ.e. heildarferðakostnaður deilt með fjölda liða. Þau lið þar sem ferðakostnaður er yfir meðaltalsferðakostnaði fá greiddar jöfnunarsjóðinn í réttu hlutfalli við fjárhæð ferðakostnaðar. Greiðslur úr jöfnunarsjóði skulu greiddar til liða 1. des., 1. mars og 1. júní ár hvert. HSÍ er heimilt að skuldajafna inneign í jöfnunarsjóði við aðra skuld félagsins við HSÍ.

- 22.4.** Lið skal aldrei fá endurgreitt hærri fjárhæð úr jöfnunarsjóði en þannig að það greiði meðaltalsferðakostnað. Ef inneign er í jöfnunarsjóði eftir útreikning og útgreiðslu þá skulu eftirstöðvar nýtast í jöfnunarsjóði á næsta keppnistímabili. HSÍ sér um skiptingu þess fjár. Ef lið skrá sig til deildarkeppni frá stöðum á landsbyggðinni þar sem eðlilegt er að fljúga til og frá í leiki þá skal HSÍ áætla ferðakostnað vegna þeirra leikja með svipuðum hætti og gert er skv. 3.gr.

Greinargerð:

Verið að nr. Reglugerðina til þess að auðvelda uppflett.

Þingskjal 25 var samþykkt samhljóða



49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 Þingskjal nr: 26-00

Tillaga um leiki í Úvalsdeild og 1.deild
Flutningsaðili: HSÍ

Leikir í Úrvalsdeild deild karla og 1. deild karla og kvenna

Almennt.

Á leikdag skal flagga utanhúss með íslenska fánanum (gæta skal þess að fánareglur séu hafðar í heiðri) og félagsfánunum viðkomandi liða. Frá þeim tíma, sem keppnislið, starfsmenn þeirra og dómara koma í hús og þar til þeir yfirgefa það, skulu starfsmenn gæta öryggis þeirra og að þeir verði ekki fyrir ónáði af utanaðkomandi. Sérstaklega skal gæta þess að enginn utanaðkomandi fái aðgang að búningsherbergjum leikmanna og dómara allann tímann, sem þeir eru á staðnum. Aðkoma fyrir sjúkrabíl skal alltaf vera greið að keppnisstað og sjúkrabörur til taks hjá húsverði. Æskilegt er að a.m.k. einn starfsmaður sé þjálfaður í hjálp í viðlögum. Starfsmenn á keppnisstað skulu vera sérstaklega auðgreindir þannig að allir geti séð að um starfsmann er að ræða. Meðan á leik stendur skulu a.m.k. tveir starfsmenn vera tilbúnir með þveгла til að þurrka svita og bleytu af leikvelli þegar dómara gefa merki um það.

Fyrir leik.

- 1 klst fyrir leik skulu leikmenn, starfsmenn liða og dómara að fá aðgang að búningsherbergjum.
- 40 mín fyrir leik skulu leikmenn að fá aðgang að upphitunarsvæði og 20 mín fyrir leik að keppnisvelli (eða æfingavelli) til upphitunar.
- 20 mín fyrir leik skulu dómara að fá afhenta 2 keppnisbolta og vera kynntir fyrir tímaverði og leikritara.
- 10 mín fyrir leik skal leikskýrsla vera tilbúin og afhendast dómurum.
- 8 mín fyrir leik skulu liðin fara til búningsherbergja (5 mín ef engin kynning er á leikmönnum og dómurum).
- 5 mín (2 mín ef engin kynning) fyrir leik skulu liðin hlaupa inn á leikvöllinn (fer eftir aðstæðum á hverjum stað með hvaða hætti hlaupið er inn). Starfsmenn skulu gæta þess að leiðin sé greið fyrir liðin.
- 4 mín fyrir leik skulu leikmenn, starfsmenn liða og dómara kynntir og að því loknu heilsast þeir. 1 mín fyrir leik skulu dómara varpa hlutkesti að viðstöddum fyrirliðum.

Í leikhlé.

Leikmenn, starfsmenn liða og dómara skulu hafa greiðan aðgang að búningsherbergjum strax þegar flautað hefur verið til loka fyrri hálfleiks. 12 mín eftir að flautað hefur verið til loka fyrri hálfleiks skulu leikmenn, starfsmenn og dómara ganga til leiks að nýju. 15 mín eftir að flautað var til loka fyrri hálfleiks skulu dómara flauta upphaf seinni hálfleiks.

Eftir leik.

Leikmenn, starfsmenn liða og dómara skulu að hafa greiðan aðgang að búningsherbergjum strax þegar flautað hefur verið til loka leiks. Tímavörður

og ritari skulu afhenda dómurum útfyllta leikskýrslu til undirritunar ekki síðar en 10 mín eftir að leik lýkur. Framkvæmdaraðilinn sér síðan um að leikskýrsla verði send skrifstofu HSÍ strax næsta virka dag.

Starfsmenn skulu gæta þess að leikmenn, starfsmenn liða og dómarar fái frið til að fara í sturtu og klæðast strax að leik loknum og ónæði verði ekki umfram það sem viðkomandi óska.

Mótanefnd leggur til að framkvæmdaaðilar sjái til þess að blaðamannafundur verði haldinn, nokkrum mín eftir að leik lýkur, þar sem mæti þeir aðilar sem íþróttafréttamenn óska.

Aðrir leikir.

Um aðra leiki gilda að mestu sömu reglur og um leiki í Úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna. Ljóst er þó, að þar sem fáir eða engir áhorfendur eru, þurfa öryggisreglur ekki að vera eins strangar. Varðandi upphitun þá þarf að tryggja liðum aðstöðu til upphitunar a.m.k. 20 mín fyrir leik og þar af a.m.k. 5 mín á keppnisvelli. Önnur tímamörk ráðast af aðstæðum hverju sinni.

Keppnislið skulu ávallt ganga saman að miðju leikvallar fyrir leik og heilsast. Framkvæmdaaðilar/umsjónarmenn túrneringa skulu sjá um að senda leikskýrslur á skrifstofu HSÍ strax fyrsta virka dag eftir að leik lýkur.

Verður

Greinin fellur út

Greinargerð:

Þetta er í Handbók um framkvæmd leikja sem mótanefnd gefur út.

Þingskjal 26 var samþykkt samhljóða



49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 Þingskjal nr: 27-00

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti

3.1.1. Til að vera hlutgengir, skulu allir leikmenn, sem leika með meistaraflokkum í handknattleiksmótum hafa sérstakan leikmannasamning, A eða B samning, við það félag, sem þeir leika með. Leikmannasamningar skulu gerðir á sérstakt eyðublað frá HSÍ og skulu þeir varðveittir á skrifstofu sambandsins. Leikmaður getur ekki spilað með öðru félagi en því, sem tilgreint er í HSÍ leikmannasamningi. Þjálfari sem einnig er leikmaður skal ávallt vera með A-leikmannasamning. Félag skal ávallt heimila leikmanni þátttöku í verkefnum á vegum HSÍ. Í leikmannasamningi skal koma fram nafn viðkomandi leikmanns og kennitala, nafn félags og samningstímabil. Leikmannasamningur leikmanns, sem ekki hefur náð 18 ára aldri, skal einnig undirritaður af forráðamanni leikmannsins.

Verður

3.1.1. Til að vera hlutgengir, skulu allir leikmenn, sem leika með meistaraflokkum í handknattleiksmótum hafa sérstakan leikmannasamning, A eða B samning, við það félag, sem þeir leika með. Leikmannasamningar skulu gerðir á sérstakt eyðublað frá HSÍ og skulu þeir varðveittir á skrifstofu sambandsins. Leikmaður getur ekki spilað með öðru félagi en því, sem tilgreint er í HSÍ leikmannasamningi. Þjálfari sem einnig er leikmaður skal ávallt vera með A-leikmannasamning. Félag skal ávallt heimila leikmanni þátttöku í verkefnum á vegum HSÍ. Í leikmannasamningi skal koma fram nafn viðkomandi leikmanns og kennitala, nafn félags og samningstímabil. Leikmannasamningur leikmanns, sem ekki hefur náð 18 ára aldri, skal einnig undirritaður af forráðamanni leikmannsins.

Gildistími leikmannasamninga skal birtur á heimasíðu HSÍ.

Greinargerð:

Verið að setja inn grein um leikmannasamninga

Þingskjali nr. 27 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að skjal yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal 27 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 28-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.4. Leikmanni er heimilt að skipta um félag, ef handknattleiksdeild félags hans er lögð niður, eða flokkur hans dreginn til baka úr keppni, sem hann var tilkynntur í. Gilda þá ekki þau tímatakmörk, sem annars staðar eru sett í reglugerð þessari.

Verður

3.1.4. Leikmanni er heimilt að skipta um félag, ef handknattleiksdeild félags hans er lögð niður, eða flokkur hans dreginn til baka úr keppni, sem hann var tilkynntur í. Gilda þá ekki þau tímatakmörk, sem annars staðar eru sett í reglugerð þessari. **Ákvæði þetta varðar eingöngu handknattleiksdeildir á Íslandi.**

Greinargerð:

Verið að hnykkja á því að þetta á eingöngu við um félög á Íslandi.

Þingskjal 28 var samþykkt samhljóða



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 29-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti
Flutningsaðili: Þór AK.

3.1.4. Leikmanni er heimilt að skipta um félag, ef handknattleiksdeild félags hans er lögð niður, eða flokkur hans dreginn til baka úr keppni, sem hann var tilkynntur í. Gilda þá ekki þau tímatakörk, sem annars staðar eru sett í reglugerð þessari.

Verður :

3.1.4. Leikmanni er heimilt að skipta um félag, ef handknattleiksdeild félags hans er lögð niður, eða flokkur hans dreginn til baka úr keppni, sem hann var tilkynntur í. **Einnig ef félag hefur ekki uppfyllt gildan A-samning við leikmann í 2 mánuði.** Gilda þá ekki þau tímatakörk, sem annars staðar eru sett í reglugerð þessari.

Greinargerð:

Félög fá oft til sín leikmenn og bjóða þeim samninga sem þau geta ekki staðið við. Leikmenn eru því lokaðir inni í félaginu frá 1. nóvember, fram til 1. júní ár hvert vegna núverandi félagaskiptalaga. Einnig þarf að koma í veg fyrir kemur að félög geti keypt sér sæti í efstu deild á kredit, annaðhvort þá með svona breytingu eða þá að félögin þurfi að sýna HSÍ fram á tekjur á móti kostnaði fyrir hvert leiktímabil eins og tíðkast í Þýskalandi, Danmörku og víðar.

Þingskjal nr. 29 var vísað til Allsherjarnefndar

Þór á Akureyri lagði til að skjalið yrði fellt.

Samþykkt var að fella þingskjal 29 með þorra greiddra atkvæða gegn einu.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 30-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.5. Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1.júní til 1. nóvember ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 15 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmenn, sem ekki voru með A eða B leikmannasamning, og ekki hafa leikið eitt eða fleiri leiktímabil, hafa heimild til félagaskipta utan áður nefndra tímamarka.

Verður

3.1.5. Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1.júní til 1. nóvember ár hvert **og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert.** Það sama skal gilda um leikmenn eldri en **17** ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmenn, sem ekki voru með A eða B leikmannasamning, og ekki hafa leikið eitt eða fleiri leiktímabil, hafa heimild til félagaskipta utan áður nefndra tímamarka.

Greinargerð:

Verið að opna félagaskiptaglugga í janúar.

Þingskjal nr. 30 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd skoðaði þingskjalið með hliðsjón af þingskjölum 31 og 32. Nefndin lagði til að skjalið yrði óbreytt.

Þingskjal 30 var samþykkt samhljóða.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 31-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti
Flutningsaðili: Þór AK.

3.1.5. Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1.júní til 1. nóvember ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 15 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmenn, sem ekki voru með A eða B leikmannasamning, og ekki hafa leikið eitt eða fleiri leiktímabil, hafa heimild til félagaskipta utan áðurnefndra tímamarka.

Verður

3.1.5. Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1.júní til 1. febrúar. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 15 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmenn, sem ekki voru með A eða B leikmannasamning, og ekki hafa leikið eitt eða fleiri leiktímabil, hafa heimild til félagaskipta utan áðurnefndra tímamarka.

Greinargerð:

Félagaskiptaglugginn á Íslandi er alltof strangur og ekki samsvarandi öðrum löndum sem standa framarlega í handknattleik t.d. Þýskalandi og Spáni.

Þingskjal nr. 31 var vísað til Allsherjarnefndar (gengur saman með þingskjali 30 og 32).

Þór á Akureyri lagði til að þingskjal yrði fellt.

Þingskjal 31 var fellt með þorra greiddra atkvæða gegn 3.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 24-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.6. Allar beiðnir um félagaskipti skulu berast skrifstofu HSÍ. HSÍ tilkynnir bréflega því félagi, sem óskað er eftir félagaskiptum úr, að komin sé beiðni um félagaskipti. Svari félag ekki innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, teljast félagaskiptin lögleg. HSÍ staðfestir þá félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma leikmaður telst löglegur með nýja félaginu, enda sé leikmaður ekki sammingsbundinn.

Til að öðlast leikheimild á Íslandi, skal félagaskiptaleyfi frá IHF eða EHF vegna leikmanna er síðast léku með erlendu félagsliði, hafa borist skrifstofu HSÍ eigi síðar en á hádegi síðasta virka dag október. Eftir þann tíma eru engin félagaskipti heimiluð fyrir leikmenn er síðast léku með erlendu félagsliði.

Verður

3.1.6. Allar beiðnir um félagaskipti skulu berast skrifstofu HSÍ. HSÍ tilkynnir bréflega því félagi, sem óskað er eftir félagaskiptum úr, að komin sé beiðni um félagaskipti. Svari félag ekki innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, teljast félagaskiptin lögleg. HSÍ staðfestir þá félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma leikmaður telst löglegur með nýja félaginu, enda sé leikmaður ekki sammingsbundinn.

Til að öðlast leikheimild á Íslandi, skal félagaskiptaleyfi frá IHF eða EHF vegna leikmanna er síðast léku með erlendu félagsliði, hafa borist skrifstofu HSÍ eigi síðar en á hádegi síðasta virka dag október **og eftir síðasti virka dag í janúar sbr. Reglugerð 3.1.5.** Eftir þann tíma eru engin félagaskipti heimiluð fyrir leikmenn eldri en 17 ára er síðast léku með erlendu félagsliði.

Greinargerð:

Verið að opna félagaskiptaglugga í janúar.

Þingskjal 32 var vísað til Allsherjarnefndar (ásamt með þingskjölum 30 og 31). Nefndin lagði til að skjalið yrði óbreytt.

Þingskjal 32 var samþykkt samhljóða.



49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31.mars 2006 Þingskjal nr: 33-00

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.9. Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við samningsbundna leikmenn án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er samningsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um kr. 50.000. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Verður

3.1.9. Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við samningsbundna leikmenn, þar til 1.mars það ár sem samningurinn rennur út við viðkomandi leikmann, án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er samningsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um kr. 50.000. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Greinargerð:

Verið að setja inn reglu um það hvenær má byrja að tala við samningsbundna leikmenn.

Þingskjali nr. 33 var vísað til Allsherjarnefndar.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 33-01**

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.9. Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við samningsbundna leikmenn án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er samningsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um kr. 50.000. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Verður

3.1.9. Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við samningsbundna leikmenn, þar til 1.janúar það ár sem samningurinn rennur út við viðkomandi leikmann, án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er samningsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um kr. 50.000. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Greinargerð:

Verið að setja inn reglu um það hvenær má byrja að tala við samningsbundna leikmenn.

Þór Akureyri lagði til smávægilega breytingartillögu um dagsetningar, að tímabil giltu milli 1. janúar ár hvert en ekki 1. mars.

Breytingartillaga samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn 1.

Þingskjal 33.1 í heild var samþykkt samhljóða.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 34-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.2.1. Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Verður

3.2.1. Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert sbr. þó grein 3.1.5.

Greinargerð:

Verið að hnykkja á að þetta gildir almennt nema þó fyrir leikmenn meistaraflokks.

Pingskjali 34 var vísað til Allsherjarnefndar. Nefnd sá ekki ástæðu til breytinga.

Pingskjal 34 var samþykkt samhljóða.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Pingskjal nr: 35-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.2.2. Heimilt að skipta um félag hvenær sem er, hafi leikmaður ekki leikið með sínu fyrra félagi í Íslandsmóti á leiktímabilinu.

Verður

3.2.2. Heimilt að skipta um félag hvenær sem er, hafi leikmaður ekki leikið með sínu fyrra félagi í Íslandsmóti á leiktímabilinu, **sbr. þó 3.1.5. Gildir þetta eingöngu um leikmenn sem hafa leikheimild á Íslandi.**

Greinargerð:

Verið að hnykkja á að þetta gildir eingöngu fyrir leikmenn á Íslandi.

Pingskjal 35 var samþykkt samhljóða.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal**

31.mars 2006
Pingskjal nr: 36-00

Tillaga um Reglugerð um Félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.2.6. Sömu reglur gilda fyrir erlenda ríkisborgara, nema að þeim eru heimil félagaskipti hvenær sem er erlendis frá.

Verður

Greinin fellur út

Greinargerð:

Óþarfi að vera með aðrar reglur fyrir erlenda ríkisborgara og það er tekið á þessu í reglug. 3.2.1.

Pingskjali 36 var vísað til Allsherjarnefndar. Allsherjarnefnd lagði til að skjal yrði samþykkt óbreytt.

Pingskjal 36 var samþykkt samhljóða.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Pingskjal nr: 37-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

Ný grein

Verður

2.1.27. Íþróttafélag skal tilnefna einn ábyrgan aðila fyrir dómaramálum félags, sem sjái um tengsl við dómara nefnd HSÍ. Hann sé ábyrgur fyrir því að íþróttafélagið framfylgi þeim reglum í reglugerð HSÍ, 11.2.8, 11.2.14, 11.2.15 og 11.2.16 um dómara nefnd og að fá fræðslu fyrir leikmenn, þjálfara, dómara/dómaraefna/ tímaverði og ritarara íþróttafélagsins og að ávallt sé tryggt að íþróttafélagið hafi yfir dómurum að ráða sbr. reglugerð HSÍ 11.2.8 og tímavörðum og riturum með þekkingu á leikreglum. Brot á þessu ákvæði skal varða takmörkun á þátttöku félags í keppni, sbr. 4.2.5.7 í reglugerð um Íslandsmót.

Greinargerð:

Ábyrgð félags að sjá til þess að ávallt sé til nægur fjöldi dómara og skal því tilkynna ábyrgan aðila með dómaramálum félags, sem verði ábyrgur fyrir því að ávallt séu til dómara/dómaraefni hjá viðkomandi félagi og að félagið framfylgi ákvæðum í reglugerð er varðar dómara, tímaverði, ritara, leikmanna og þjálfara í að viðhalda þekkingu þeirra á leikreglum og skyldu félagsins að eiga ávallt nægjanlegan fjölda virkra dómara.

Þingskjali 37 var vísað í Laganefnd



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 37-01**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

Ný grein

Verður

2.1.28. Íþróttafélag skal tilnefna aðila fyrir dómaramálum félags, sem sjái um tengsl við dómara nefnd HSÍ. **Tilnefningin skal send HSÍ með þáttökutilkynningu ár hvert.** Hann sé ábyrgur fyrir því að íþróttafélagið framfylgi þeim reglum í reglugerð HSÍ, 11.2.8, 11.2.14, 11.2.15 og 11.2.16 um Dómara nefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ og að fá fræðslu fyrir

leikmenn, þjálfara, dómara/dómaraefna/ tímaverði og ritara íþróttafélagsins.

Greinargerð:

Ábyrgð félags að sjá til þess að ávallt sé til nægur fjöldi dómara og skal því tilkynna ábyrgan aðila með dómaramálum félags, sem verði ábyrgur fyrir því að ávallt séu til dómarar/dómaraefni hjá viðkomandi félagi og að félagið framfylgi ákvæðum í reglugerð er varðar dómara, tímaverði, ritara, leikmanna og þjálfara í að viðhalda þekkingu þeirra á leikreglum og skyldu félagsins að eiga ávallt nægjanlegan fjölda virkra dómara.

Skjal 37.1 samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 38-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Dómaranefnd HSÍ

2.2.9. Í byrjun hvers leiks skulu liðsstjórar afhenda dómara útfyllta skýrslu með nöfnum þeirra er leika og starfsmanna liðs. Skýrsla skal undirrituð af liðsstjóra. Dómarar skulu sannreyna fjölda þeirra sem skráðir eru á leikskýrslu. Taki leikmaður, sem ekki er skráður á leikskýrslu þátt í leiknum og það kemur í ljós meðan á leik stendur, skal viðkomandi leikmaður í meistaraflokki karla og kvenna sbr. leikreglur 16:6 a, en í öðrum flokkum skal leikmaður fá 2ja mínútna brottvísun og fækka skal í liði hans um einn leikmann í 2 mínútur. Viðkomandi brottvísaður leikmaður hefur síðan þátttökurétt í leiknum að brottvísunartíma liðnum. Hafi viðkomandi leikmaður skorað mörk í leiknum skulu þau teljast lögleg sé búið að flauta á frumkast en ógilt ef tekið er eftir broti leikmanns áður en frumkast er flautað á, sbr. þó grein 9.2 í leikreglum og hefst þá leikur í samræmi við leikreglur 13.1,a sbr 4.3.4. Komi slíkt hið sama í ljós að leik loknum, skulu dómarar skrá það á leikskýrslu, og skulu úrslit leiksins standa. Hið brotlega félag og framkvæmdaaðili leiksins skulu greiða sekt til HSÍ kr. 5.000.- hvor aðili fyrir sig.

Verður:

2.2.9. Í byrjun hvers leiks skulu **ábyrgir (A) starfsmenn liða** afhenda **dómurum** útfyllta skýrslu með nöfnum þeirra er leika og starfsmanna liðs. Skýrsla skal

undirrituð af **ábyrgum (A) starfsmönnum**. Dómarar skulu sannreyna fjölda þeirra sem skráðir eru á leikskýrslu. **Einn starfsmaður (mest 4) skal vera skráður í leik hjá hvoru félagi. Ábyrgur (A) starfsmaður lið skal vera ábyrgur fyrir rétt útfylltri leikskýrslu.** Komi í ljós eftir að mark hefur verið dæmt gilt, sem leikmaður sem ekki er skráður á leikskýrslu hafi skorað skal hið brotlega félag og framkvæmdaaðili leiksins greiða sekt til HSÍ kr. 5.000.- hvor aðili fyrir sig. **Farið skal að öðru leyti eftir leikreglum.**


(Annað fellur út)

Greinargerð:

Í leikreglum kveður nú á hvernig taka skuli á þegar uppgötvast að leikmaður sem ekki er skráður á leiksskýrslu sé þátttakandi í leiknum og að starfsmaður A skuli ábyrgur og hljóti refsingu vegna brots. Þar sem starfsmaður A er nú ábyrgur verður að koma inn ákvæði að í hverjum leik skuli vera amk einn starfsmaður sem skuli ábyrgur.

Þingskjal 38 var vísað í Laganefnd.

Þingskjal 38 var samþykkt samhljóða.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 39-00**

Tillaga um Reglugerð fyrir Íslandsmót
Flutningsaðili: Dómaranefnd HSÍ

4.2.5.7. Þátttaka

Komi í ljós, að forföll hafi orðið á þátttöku er mótanefnd heimilt að færa lið á milli deilda samkvæmt reglum þar að lútandi.

Liðum er heimilt að segja sig úr úrslitakeppni yngri flokka minnst 21 degi áður en hún hefst án refsingar. Hafi lið ekki sagt sig úr úrslitakeppninni og mætir ekki til leiks, gilda um það almennar reglur samkvæmt grein 2.2.12.

Verður:

4.2.5.7. Þátttaka

Komi í ljós, að forföll hafi orðið á þátttöku er mótanefnd heimilt að færa lið á milli deilda samkvæmt reglum þar að lútandi.

Liðum er heimilt að segja sig úr úrslitakeppni yngri flokka minnst 21 degi áður en hún hefst án refsingar. Hafi lið ekki sagt sig úr úrslitakeppninni og mætir ekki til leiks, gilda um það almennar reglur samkvæmt grein 2.2.12.

Óheimilt er að taka við þáttökutilkynningum í flokka í Íslandsmóti og Bikarkeppni HSÍ ef ákvæðum reglugerðar um dómara nefnd 2.1.26 er ekki fullnægt. Gefa skal þessu ákvæði aðlögunartíma til byrjun keppnistímabils 2007-2008.

Greinargerð:

Þingskjal 39 var vísað í Laganefnd.

Þingskjal 39 tekið saman með nr. 37, 44, 47 og 48.

Nefnd lagði til að þingskjal 39 yrði fellt (þó að því gefnu að stöku greinar yrðu felldar inn í önnur skjöl).

Samþykkt samhljóða að fella skjal 39.



Í riðla skal raða eftir úrslitum næsta Íslandsmóts á undan.

Ef riðlar eru 2 skal raða saman liðum þá skulu :

Riðill a	Riðill b
sæti 1	sæti 2
sæti 4	sæti 3

lið 5 og 6 fara í sitthvorn riðil
lið 7 og 8 fara í sitthvorn riðil

Ef riðlar eru 3 skal raða saman liðum þá skulu :

lið 1, 2 og 3 fara í sitthvorn riðil
lið 4, 5 og 6 fara í sitthvorn riðil
o.s.frv.

Ef riðlar eru 4 skal raða saman liðum þá skulu :

lið 1, 2, 3 og 4 fara í sitthvorn riðil
lið 5, 6, 7 og 8 fara í sitthvorn riðil

Í milliriðla skal raða á eftirfarandi hátt:

Ef 3 riðlar hafa verið í forkeppninni fara 3 efstu lið úr hverjum riðli áfram (9 lið) og raðast þannig:

Milliriðill 1	Milliriðill 2
a1	a2
a3	b1
b2	b3
c1	c2
c3	

Innbyrðis leikur liða fylgir þeim upp í milliriðil.

Ef 4 riðlar hafa verið í forkeppninni fara 2 efstu lið úr hverjum riðli áfram (8 lið) og raðast þannig:

Milliriðill 1 Milliriðill 2

a1 b1

a2 b2

d1 c1

d2 c2

Innbyrðis leikur liða fylgir þeim upp í milliriðil.

Í lokin skal leika um sæti:

efsta sæti í milliriðli keppir um 1. sæti

annað sæti í milliriðli keppir um 3. sæti

þriðja sæti í milliriðli keppir um 5. sæti

og fjórða sæti í milliriðli keppir um 7. sæti.

Leika skal úrslitaleiki um 1. sæti og 3. sæti á heilum velli og reyna að skapa skemmtilega umgjörð um þessa leiki.

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða Clið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		12
9	5	4		16
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	7	6		36
14	5	5	4	26
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	6	6	5	40
18	6	6	6	45
19	5	5	5/4	36
20	5	5	5/5	40

Leikið skal til þrautar í hverri deild fyrir sig, engir milliriðlar, engir úrslitaleikir.

Félög sem taka að sér þessi mót þurfa að hafa 3 leikvelli til umráða ef mót skal vera frá föstudegi til sunnudags. Í neyð má tímasetja leiki á fimmtudegi, jafnvel miðvikudegi, ef viðkomandi leikir eru milli liða, sem staðsett eru innan sama landfræðilega svæðis.

Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar.

Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1.

Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum vellinum (jafnvel á öðrum stað í bænum).

Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu.

Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi.

Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik.

Reynt skal að taka tillit til félaga, sem koma úr öðrum bæjarfélögum, fjarri keppnisstað, einkum ef félög hafa óskað eftir því.

Reynt skal einnig að hafa mótslok ekki seint á sunnudegi t.d. ekki eftir kl. 16:00.

4.2.6.5. Stigagjöf

Stig til Íslandsmeistaratitils eða deildarmeistaratitils fást á eftirfarandi hátt í hverju móti:

Sigurvegari fær 10 stig

lið nr.2 fær 8 stig

lið nr.3 fær 6 stig

lið nr.4 fær 5 stig

lið nr.5 fær 4 stig

lið nr.6 fær 3 stig

lið nr.7 fær 2 stig

lið nr.8 fær 1 stig.

Ætíð skal leika um 8 efstu sæti.

Lið sem flest stig hlýtur yfir tímabilið í hvorri keppninni fyrir sig telst meistari það árið. Ef 2 lið eða fleiri eru jöfn að stigum þá er það lið meistari:

1. sem oftast hefur unnið mót. Ef enn eru lið jöfn þá það lið,
2. sem oftast er í efra sæti. Sé enn jafnt þá það lið,
3. sem er með fleiri stig úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu lið fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafnmarga leiki innbyrðis,
4. sem hefur hagstæðari markatölu úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir
veturinn. Séu liðin fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila
jafn
marga leiki innbyrðis.
5. Sé enn jafnt er varpað hlutkesti.

Í deildarkeppninni fá fyrst lið úr 1. deild stig, en síðan lið úr 2. deild, þannig að ávallt fái 8 lið stig.

Vinningsröð liða í keppnum á vegum HSÍ í 5. og 6.flokki ákvarðast af grein 2.3.2.

4.2.6.6. Leikreglur

Eftirfarandi leikreglum ber að fara eftir í mótum.

Óheimilt er að taka úr umferð í 5. og 6. flokki karla og kvenna.

Notkun klísters er óheimil.

Eftirtaldir leikreglur gildi um leiki hjá 6. flokki karla og kvenna:

Óheimilt er að leika vörn utan punktalínu (nema þegar hlaupið er til baka í vörn. Óheimilt er að snúa til baka og hlaupa aftur í átt að marki andstæðings til þess að fiska boltann. Heimilt er þó að fiska bolta utan punktalínu ef staðið er báðum fótum innan punktalínu.)

Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínu.

Leikið skal á mörk sem eru 170 cm á hæð.

Þegar notast er við mörk með aukaslá í 6. flokki skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána að ef bolti fer “sláin inn” þ.e. beint af neðanverðri slá inn í markið, skal dæma mark annars skal dæma sem bolti hafi farið framhjá marki, og að markmaður byrji með boltann.

Refsa skal fyrir brot sem að ofan greinir með aukakasti. Við ítrekuð brot skal veita áminningu og síðan brottvísun.

4.2.6.7. Leikheimildir

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir og skulu þau flokkuð í A, B og C lið eftir getu. Sama félag má vera með fleiri en eitt A-lið, fleiri en eitt B-lið og fleiri en eitt C-lið.

Fyrsta lið félags skal þó alltaf teljast sem A-lið, annað lið félags sem A eða B-lið, og þriðja lið félags sem A, B eða C lið.

Hægt er að sækja um undanþága frá þessu en hana er aðeins hægt að sækja um eftir fyrsta mót og þá aðeins til Mótanefndar HSÍ. Lið með þessa undanþágu geta ekki keppt til verðlauna né stiga þar sem þau leika sem gestalið.

Hvert lið má vera skipað allt að 14 leikmönnum.

Óheimilt er að leika með nema einu liði á hverju móti. Leikmaður telst löglegur með því liði sem fyrst er leikið með. Dæma skal þá leiki tapaða 5-0 hjá því liði sem seinna var leikið með.

Eftir 3. mót í A-liðum og 4. mót í B- og C-liðum má einungis færa menn þannig á milli liða (A, B og C):

- Þeir sem léku með A-liði í 3. móti mega eingöngu leika með A-liði í 4. og 5. móti.
- Þeir sem léku með B-liði í 4. móti mega leika með A- eða B-liði í 5. móti.
- Þeir sem léku með C-liði í 4. móti mega leika með A-, B- eða C-liði í 5. móti.

4.2.6.8. Leikbönn

Ef leikmenn eða starfsmenn liða fá útilokun (undantekning 3 brottvísanir) eða brottvikningu skulu þeir sjálfkrafa fara í leikbann í næsta leik. Skal umsjónaraðili móts skrá leikbönn og senda mótanefnd og aganefnd með öðrum gögnum um mótið. Þ.e. nafn leikmanns, flokk, félag, refsingu og hvenær leikbann var tekið út. Ef útilokun var veitt í síðasta leik móts skal mótanefnd tilkynna næsta mótshaldara það og viðkomandi félagi. Skal viðkomandi leikmaður þá vera í leikbanni í fyrsta leik í því móti. Aganefnd getur tekið upp ítrekuð eða gróf brot og dæmt í þeim sérstaklega.

4.2.6.9. Dómgæsla:

Í 5. flokki, A- og B-liða skal hafa tvo dómara á leik. Þeim til aðstoðar eru tímavörður og ritari.

Í keppni C-liða í 5.flokki og í keppni A- , B-liða og C-liða í 6. flokki er heimilt að hafa einn dómara á leik.

Dómarar skulu vera auðkenndir í sérstökum dómaraklæðum svo sem svörtum bolum.

4.2.6.10. Verðlaun:

Í Íslandsmóti skal mótshaldari veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti (gull, silfur og brons) í A-, B- og C-liðum (15 peningar á lið alls 135 peningar, 45 gull, 45 silfur og 45 brons). Einnig skal veita bikar til eignar fyrir fyrsta sæti í A-, B- og C-liðum (3 bikarar). Í lok Íslandsmóts veitir HSÍ Íslandsmeisturum peninga og bikar.

Í deildarmótum skal veita verðlaun fyrir 1. sætið (gull) í hverri deild sem keppt er í í A-, B- og C-liðum. Reikna skal með 15 peningum á hvert lið. HSÍ veitir deildarmeistarabikar til þess liðs, sem hlýtur deildarmeistaratitil A-, B- og C-liða.

Verður

4.2.6. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ.

4.2.6.1.Mótafyrirkomulag

Keppt er til Íslandsmeistara með deildafyrirkomulagi.

Halda skal árlega 5 mót í hvorum flokki bæði hjá karla- og kvennaliðum.

Besti árangur þriggja af þessum fimm mótum telur stig til Íslandsmeistara.

Mótanefnd hefur yfirumsjón með mótum í 5. og 6. flokki.

4.2.6.2. Úthlutun móta

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir hvert mót, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slíkt mót, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnaðis, starfsmanna og annars þess er slíkt mótshald hefur í för með sér.

Umsóknum um mótahald í 5. og 6. flokki skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum, úthlutun byggist m.a. á fjölda þátttökuliða, sem félög senda til keppni, reynslu af mótahaldi og umsögnum, sem félög eiga að senda inn eftir mót. Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun september ár hvert.

Félögin sem fá úthlutað móti eða mótum skulu staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótisdagsetningar innan 15 daga frá útsendingu úthlutunar að öðrum kosti verða viðkomandi mót sett í umsjón annarra félaga, sem geta haldið þau á viðkomandi dagsetningum.

Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á mótahelgar í þeim húsum sem 5. og 6. flokks mót eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrr en að loknu mótinu.

4.2.6.3. Mótahald:

Tilkynningu um mót, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfrést, skal mótshaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.

Niðurröðun í riðla og leikjaplan skal liggja fyrir í síðasta lagi á mánudegi fyrir mót (m.v. að mót hefjist á föstudegi). Eftir það skal eigi gera breytingar á leikjaplani nema einhver mistök hafi verið gerð og /eða alvarlegir ágallar séu á niðurröðuninni. Félög geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast mótanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.

Mótshaldari skal dreifa mótsgögnum til þjálfara þegar þeir mæta til leiks. Mótsgögn innihalda upplýsingar um mótið, skiptingu í **deildir**, leikjaplan og jafnvel krosstöflur auk eyðublaða fyrir liðsskýrslur og umsagnareyðublaði.

Þjálfarar þátttökuliða í mótum skulu fylla út umsögn um mót að því loknu á þar til gerðu eyðublaði, sem mótshaldari dreifir með mótsgögnum.

Mótanefnd ákveður upphæð mótagjalda. Mótagjöld skulu greidd inn á reikning, sem mótshaldari gefur upp á þátttökutilkynningu í síðasta lagi 2 dögum fyrir mót.

Hafi félag eigi greitt mótagjöld fyrir fyrsta leik þess getur mótshaldari meinað því að keppa í mótinu.

Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan mótstímann. Reglur og lög HSÍ þurfa að vera til staðar.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótstað, að keppnisvellir og mörk séu í góðu lagi, að sjoppa og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir fjármuni keppenda.

4.2.6.4. Niðurröðun móta.

Við niðurröðun móta skal miða við að leikir í 6 flokki taki 30 mínútur en í 5. flokki 40 mínútur.

Raða skal í deildir eftir getu liða. Liðum skal raðað í deildir eftir útkomu næsta móts á undan. Ef lið utan að landi hefur sleppt úr næsta móti á undan (einu móti) skal taka tillit til stöðu þess í úrslitum næsta móts þar á undan að öðrum kosti lendir lið, sem sleppir úr móti í neðstu deild.

Fyrsta móti keppnistímabils skal raðað eftir síðasta móti næsta tímabils á undan.

Móti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða Clið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		12
9	5	4		16
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	7	6		36
14	5	5	4	26
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	6	6	5	40
18	6	6	6	45
19	5	5	5/4	36
20	5	5	5/5	40

Félög sem taka að sér þessi mót þurfa að hafa 3 leikvelli til umráða ef mót skal vera frá föstudegi til sunnudags. Í neyð má tímasetja leiki á fimmtudegi, jafnvel miðvikudegi, ef viðkomandi leikir eru milli liða, sem staðsett eru innan sama landfræðilega svæðis.

Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar.

- Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1.
- Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum velli (jafnvel á öðrum stað í bænum).
- Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu.
- Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi.
- Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik.
- Reynt skal að taka tillit til félaga, sem koma úr öðrum bæjarfélögum, fjarri keppnisstað, einkum ef félög hafa óskað eftir því.
- Reynt skal einnig að hafa mótslok ekki seint á sunnudegi t.d. ekki eftir kl. 16:00.

4.2.6.5. Stigagjöf

Stig til Íslandsmeistaratitils fást á eftirfarandi hátt í hverju móti:

Sigurvegari fær 10 stig

lið nr.2 fær 8 stig

lið nr.3 fær 6 stig

lið nr.4 fær 5 stig

lið nr.5 fær 4 stig

lið nr.6 fær 3 stig

lið nr.7 fær 2 stig

lið nr.8 fær 1 stig.

Ætíð skal leika um 8 efstu sæti.

Lið sem flest stig hlýtur yfir tímabilið í hvorri keppninni fyrir sig telst meistari það árið. Ef 2 lið eða fleiri eru jöfn að stigum þá er það lið meistari:

1. sem oftast hefur unnið mót. Ef enn eru lið jöfn þá það lið,
2. sem oftast er í efra sæti. Sé enn jafnt þá það lið,
3. sem er með fleiri stig úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu lið fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafnmarga leiki innbyrðis,
4. sem hefur hagstæðari markatölu úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu liðin fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafnmarga leiki innbyrðis.
5. Sé enn jafnt er varpað hlutkesti.

Fyrst fá lið úr 1. deild stig, en síðan lið úr 2. deild, þannig að ávallt fái 8 lið stig.

Vinningsröð liða í keppnum á vegum HSÍ í 5. og 6.flokki ákvarðast af grein 2.3.2.

4.2.6.6. Leikreglur

Eftirfarandi leikreglum ber að fara eftir í mótum.

- Óheimilt er að taka úr umferð í 5. og 6. flokki karla og kvenna.
- Notkun klísturs er óheimil.

Eftirtaldir leikreglur gildi um leiki hjá 6. flokki karla og kvenna:

- Óheimilt er að leika vörn utan punktalínu (nema þegar hlaupið er til baka í vörn. Óheimilt er að snúa til baka og hlaupa aftur í átt að marki andstæðings til þess að fiska boltann. Heimilt er þó að fiska bolta utan punktalínu ef staðið er báðum fótum innan punktalínu.)
- Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínu.
- Leikið skal á mörk sem eru 170 cm á hæð.
- Þegar notast er við mörk með aukaslá í 6. flokki skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána að ef bolti fer “sláin inn” þ.e. beint af neðanverðri

slá inn í markið, skal dæma mark annars skal dæma sem bolti hafi farið framhjá marki, og að markmaður byrji með boltann.

Refsa skal fyrir brot sem að ofan greinir með aukakasti. Við ítrekuð brot skal veita áminningu og síðan brottvísun.

4.2.6.7. Leikheimildir

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir og skulu þau flokkuð í A, B og C lið eftir getu. Sama félag má vera með fleiri en eitt A-lið, fleiri en eitt B-lið og fleiri en eitt C-lið.

Fyrsta lið félags skal þó alltaf teljast sem A-lið, annað lið félags sem A eða B-lið, og þriðja lið félags sem A, B eða C lið.

Hægt er að sækja um undanþága frá þessu en hana er aðeins hægt að sækja um eftir fyrsta mót og þá aðeins til Mótanefndar HSÍ. Lið með þessa undanþágu geta ekki keppt til verðlauna né stiga þar sem þau leika sem gestalið.

Hvert lið má vera skipað allt að 14 leikmönnum.

Óheimilt er að leika með nema einu liði á hverju móti. Leikmaður telst löglegur með því liði sem fyrst er leikið með. Dæma skal þá leiki tapaða 5-0 hjá því liði sem seinna var leikið með.

Eftir 3. mót í A-liðum og 4. mót í B- og C-liðum má einungis færa menn þannig á milli liða (A, B og C):

- Þeir sem léku með A-liði í 3. móti mega eingöngu leika með A-liði í 4. og 5. móti.
- Þeir sem léku með B-liði í 4. móti mega leika með A- eða B-liði í 5. móti.
- Þeir sem léku með C-liði í 4. móti mega leika með A-, B- eða C-liði í 5. móti.

4.2.6.8. Leikbönn

Ef leikmenn eða starfsmenn liða fá útilokun (undantekning 3 brottvísanir) eða brottvikningu skulu þeir sjálfkrafa fara í leikbann í næsta leik. Skal umsjónaraðili móts skrá leikbönn og senda mótanefnd og aganefnd með öðrum gögnum um mótið. Þ.e. nafn leikmanns, flokk, félag, refsingu og

hvenær leikbann var tekið út. Ef útilokun var veitt í síðasta leik móts skal mótanefnd tilkynna næsta mótshaldara það og viðkomandi félagi. Skal viðkomandi leikmaður þá vera í leikbanni í fyrsta leik í því móti. Aganefnd getur tekið upp ítrekuð eða gróf brot og dæmt í þeim sérstaklega.

4.2.6.9. Dómgæsla:

- Í 5. flokki, A- og B-liða skal hafa tvo dómara á leik. Þeim til aðstoðar eru tímavörður og ritari.
- Í keppni C-liða í 5.flokki og í keppni A- , B-liða og C-liða í 6. flokki er heimilt að hafa einn dómara á leik.
- Dómarar skulu vera auðkenndir í sérstökum dómaraklæðum svo sem svörtum bolum.

4.2.6.10. Verðlaun:

Veita skal verðlaun fyrir 1. sætið (gull) í hverri deild sem keppt er í í A-, B- og C-liðum. Reikna skal með 15 peningum á hvert lið. HSÍ veitir bikar og verðlaunapeninga til þess liðs, sem hlýtur Íslandsmeistaratitil A-, B- og C-liða.

Greinarnar þar á eftir færast niður.

Greinargerð:

Tillagan fjallar um að breyta því formi, sem í gildi hefur verið undanfarin ár að hafa tvískipt fyrirkomulag á mótahaldi í 5. og 6. flokki.

Lagt er til að einungis verði keppt til Íslandsmeistara, en með deildafyrirkomulagi.

Áfram verða haldin árlega 5 mót í hvorum flokki. Besti árangur í þrem mótum telur stig til Íslandsmeistaratitils.

Liðum utan að landi gefst tækifæri til að sleppa úr mótum af kostnaðarlegum ástæðum án þess að lenda sjálfkrafa í neðstu deild í næsta móti, sem þau taka þátt í.

Tilgangur þessarar tillögu er einkum að auka á jafnræði í viðureignum liða. Mjög mikill getumunur er á liðum í þessum flokkum, einkum í 6. flokki. Í Íslandsmótum með núverandi fyrirkomulagi lenda slök lið í því að keppa við sterk lið og tapa með miklum mun og komast síðan ekki áfram á mótinu og fá aldrei að keppa við sína jafnoka. Einnig jafnar þetta fjölda leikja, sem lið fá að leika á móti.

Tvískipt form á mótahaldi í þessum flokkum hefur einnig skapað rugling einkum hjá foreldrum, en einnig hjá þjálfurum og hvað þá börnunum.

Pingskjali 60 var vísað í Allsherjarnefnd, gengur saman með þingskjali 61.

Tillaga meirihluta um að fella grein, gegn minnihluta.

Tillaga meirihluta Allsherjarnefndar um að fella þingskjal var samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn 10.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 61-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HK

4.2.6. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ.

Mót í 5. og 6. flokki.

Halda skal árlega 5 mót í hvorum flokki bæði hjá karla- og kvennaliðum.

Mót 1, 3 og 5 eru Íslandsmót og gefur útkoma úr þeim stig til Íslandsmeistaratitils.

Mót 2 og 4 eru deildarmót og gefur útkoma úr þeim stig til deildarmeistaratitils.

Mótanefnd hefur yfirumsjón með mótum í 5. og 6. flokki.

....

Verður:

4.2.6. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ.

Mót í 5. og 6. flokki.

Halda skal árlega 5 mót í hvorum flokki bæði hjá karla- og kvennaliðum.

Öll mót eru deildarmót og gefur útkoma úr mótum 2-5 stig til Íslandsmeistaratitils.

Mótanefnd hefur yfirumsjón með mótum í 5. og 6. flokki.

- Greinargerð:**
1. Mótin eru orðin alltof stór og húsin eru ekki að höndla þau.
 2. Leikir yrðu jafnari og krakkarnir græða meira á því.
 3. Alltof margir leikir á stuttum tíma (fyrir þau lið sem komast langt) og alltof fáir leikir fyrir þau lið sem komast ekki áfram.

Millipinganevnd leggur til að þessi tillaga verði felld.

Þingskjal 61 var vísað í Allsherjarnefnd. Meiri hluti nefndar vill fella skjal gegn minnihluta.

Samþykkt að fella þingskjal 61 með meginþorra greiddra atkvæða gegn 2.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 62-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: ÍR

4.2.6

....

Eftir 3. mót í A-liðum og 4. mót í B- og C-liðum má einungis færa menn þannig á milli liða (A, B og C):

- Þeir sem léku með A-liði í 3. móti mega eingöngu leika með A-liði í 4. og 5. móti.
- Þeir sem léku með B-liði í 4. móti mega leika með A- eða B-liði í 5. móti.
- Þeir sem léku með C-liði í 4. móti mega leika með A-, B- eða C-liði í 5. móti.

Verður:

Falli út

Greinargerð: Þetta þjónar engum tilgangi og eru sennilega gamlar reglur frá því að síðasta mótið var Íslandsmót og þar gat B lið farið í úrslit en ekki A lið o.s.frv. En í dag eiga mót 3 og 4 annarsvegar og mót 4 og 5 hins vegar ekkert sameiginlegt annað er Íslandsmót og hitt deildarmót.

Millipinganevnd leggur til að þessi tillaga verði felld.

Pingskjali 62 var vísað í Allsherjarnefnd.

Pingskjal 62 var fellt með meginþorra atkvæða gegn 2.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Pingskjal nr: 63-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HK

4.2.6. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ.

...

Verðlaun:

Í Íslandsmóti skal mótshaldari veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti (gull, silfur og brons) í A-, B- og C-liðum (15 peningar á lið alls 135 peningar, 45 gull, 45 silfur og 45 brons). Einnig skal veita bikar til eignar fyrir fyrsta sæti í A-, B- og C-liðum (3 bikarar).

Í lok Íslandsmóts veitir HSÍ Íslandsmeisturum peninga og bikar.

Í deildarmótum skal veita verðlaun fyrir 1. sætið (gull) í hverri deild sem keppt er í í A-, B- og C-liðum. Reikna skal með 15 peningum á hvert lið. HSÍ veitir deildarmeistarabikar til þess liðs, sem hlýtur deildarmeistaratitil A-, B- og C-liða.

Verður:

...

Verðlaun:

Í Íslandsmóti skal mótshaldari veita verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti (gull, silfur og brons) í A-, B- og C-liðum (15 peningar á lið alls 135 peningar, 45 gull, 45 silfur og 45 brons). Einnig skal veita bikar til eignar fyrir fyrsta sæti í A-, B- og C-liðum (3 bikarar).

Í lok Íslandsmóts veitir HSÍ Íslandsmeisturum peninga og bikar.

Í deildarmótum skal veita verðlaun fyrir 1, 2 og 3. sætið (gull, silfur og brons) í hverri deild sem keppt er í í A-, B- og C-liðum. Reikna skal með 15 peningum á hvert lið. HSÍ veitir deildarmeistarabikar til þess liðs, sem hlýtur deildarmeistaratitil A-, B- og C-liða.

Greinargerð: Hvetjandi fyrir alla.

Millipinganefnd leggur til að þessi tillaga verði felld.

Þingskjali 63 var vísað í Allsherjarnefnd.

Nefnd leggur til niðurfellingu greinar.

Samþykkt að fella grein með meirihluta gegn 9.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 64-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Fjöltnir

4.2.6.7. Leikheimildir

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir og skulu þau flokkuð í A, B og C lið eftir getu. Sama félag má vera með fleiri en eitt A-lið, fleiri en eitt B-lið og fleiri en eitt C-lið.

Fyrsta lið félags skal þó alltaf teljast sem A-lið, annað lið félags sem A eða B-lið, og þriðja lið félags sem A, B eða C lið.

Hægt er að sækja um undanþága frá þessu en hana er aðeins hægt að sækja um eftir fyrsta mót og þá aðeins til Mótanefndar HSÍ. Lið með þessa undanþágu geta ekki keppt til verðlauna né stiga þar sem þau leika sem gestalið.

Verður

4.2.6.7. Leikheimildir

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það óskar eftir og skulu þau flokkuð í A, B og C lið eftir getu. Sama félag má vera með fleiri en eitt A-lið, fleiri en eitt B-lið og fleiri en eitt C-lið.

Fyrsta lið félags skal þó alltaf teljast sem A-lið, annað lið félags sem A eða B-lið, og þriðja lið félags sem A, B eða C lið

Hægt er að sækja um undanþága frá þessu en hana er aðeins hægt að sækja um eftir fyrsta mót og þá aðeins til Mótanefndar HSÍ. Markmið með slíkri undanþágu er að lið séu að keppa við jafningja sína. Lendi lið með undanþágu í þremur af efstu sætum á móti fær liðið verðlaunasætið, en jafnframt verður undanþágan dregin tilbaka og lið keppir í næsta flokki fyrir ofan á næsta móti. Stig sem liðið hefur áunnið sér á undanþágutímabili færast ekki með liðinu á milli flokka.

Greinargerð:

Til að ýta undir áhuga barna og unglinga á handknattleik og stuðla að ungmennafélagsanda er brýnt að börnin keppi við jafningja sína í samræmi við markmið HSÍ. Með því að reglur HSÍ heimili stærri liðum sem senda eitt A-lið og eitt B-lið að senda eins mörg C-lið og þau vilja óháð getu skapast hætta á því að of sterk lið keppi sem C-lið án þess að mótanefnd geti breytt þar nokkru um.

Ósanngjarnt verður að teljast að lið með styrk C-liðs frá smærra félagi með undanþágu hafi ekki sama keppnisrétt í úrslitum og t.d. 3. og 4. C-lið stærra félags sem eingöngu sendir eitt A-lið og eitt B-lið á mót.

Brýnt þykir að öllum liðum á þeim aldri sem um ræðir (10-14 ára) sé gert jafnhátt undir höfði þannig að þau hafi full réttindi á þeim mótum sem haldin eru til að efla enn frekar áhuga þeirra á því að halda áfram í handknattleik, en hætta er á því að heldur dragi úr áhuga ungmenna á íþróttinni þegar þau komast að því að þau séu ekki fullgildir aðilar á mótum og hafi ekki möguleika á að vinna sig inn í úrslit.

Liðin í þessum flokkum eru oft að taka stórum breytingum á keppnistímabilinu og því brýnt að viss sveigjanleiki ríki varðandi flokkun þeirra til að ná markmiðum HSÍ um að sem mest jafnræði ríki á mótum.

Það er skoðun okkar að sú breyting sem lögð er til muni ekki raska núverandi mótafyrirkomulagi, en stuðla að aukinni sátt og ánægju allra. Með fullgildri þátttöku allra liða mun breytingin einnig stuðla að einu að meginhlutverkum HSÍ að vinna að eflingu handknattleiks í landinu, en þar eru börn á umræddum aldri 10-14 ára mikilvæg auðlind.

Þingskjal 64 var vísað í Allsherjarnefnd.

Nefnd lagði til niðurfellingu greinar.

Andmæli framsett á grundvelli jafnræðis milli ungra barna og þeirra eldri.

Meirihluti felldi tillögu Allsherjarnefndar.

Óbreytt þingskjal 64 er samþykkt með meirihluta atkvæða.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 65-00**

Tillaga um Reglugerð um Bikarkeppni
Flutningsaðili: Þór AK.

5.3. Bikarkeppni fari fram samhliða Íslandsmóti innanhúss og keppt skal eftir útsláttarfyrirkomulagi.

Verður

5.3. Bikarkeppni fari fram samhliða Íslandsmóti innanhúss og keppt skal eftir útsláttarfyrirkomulagi.

5.3.1 **Bikarkeppni Meistaraflokks karla og kvenna fari fram samhliða Íslandsmóti innanhúss og keppt skal eftir útsláttarfyrirkomulagi fram að 8 liða úrslitum. 8 liða úrslit skulu síðan leikin ekki fyrr en vika er liðin frá lokaumferð á Íslandsmótinu. Leikið skal heima og heiman og**

samanlögð markatala sker úr um hvaða lið fer áfram. Sami háttur skal hafður í undanúrslitum og skulu leikir í 8. og 4. liða úrslitum taka rétt rúma viku. Úrslitaleikurinn skal síðan fara fram á laugardegi tæplega viku síðar í Laugardalshöll.

Greinargerð:

Með núverandi fyrirkomulagi næst ekki eins mikil stemming í bikarkeppnina og áður. Leikirnir í undanúrslitum og úrslitum eru nánst leiknir ofan í hvor öðrum strax eftir HM/EM og fólk virðist ekki tilbúið að mæta eins og áður, sbr. síðustu bikarúrslitaleikir. Með nýja fyrirkomulaginu kæmi úrslitakeppnisfílingur í bikarkeppnina og tímabilið endaði á stórum leikjum í Höllinni og lokahófi HSÍ um kvöldið. Deildarbikarinn yrði færður í EM/HM pásuna og öllum liðum í 1. og 2. deild gert kleift að taka þátt. Spilað yrði í riðlum/litlum turneringum og síðan úrslátakeppni. Þannig væri umgjörð búin til um liðin sem stíta hérna á Íslandi í 2ja mánaða pásu á miðju Íslandsmóti.

Þingskjal 65 var vísað í Allsherjarnefnd.

Nefnd lagði til niðurfellingu þingskjals.

Þingskjal 65 var fellt með meirihluta atkvæða gegn 2.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 66-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Þór Ak.

Ný grein

Verður

2.1.27. Öll lið í efstu deild í meistaraflokki skulu taka upp sína heimaleiki á videokassetu eða CD/DVD og senda í pósti til HSÍ á næsta virka degi eftir leik. Sé póststimpill ekki frá þeim degi skal viðkomandi félagi beitt viðurlögum og sektum frá 1. broti, einnig skulu viðurlögin fara stig hækkandi

með fleiri brotum. Félög geta síðan keypt leiki af HSÍ gegn greiðslu sem skal innt af hendi fyrirfram.

2.1.28. Eftirlitsdómari skal sjá til þess að allur aðbúnaður og umgjörð leiks sé í lagi áður en leikur hefst, þ.m.t. að videoupptökuvél sé á staðnum. Einnig skal Eftirlitsdómari fylgja því eftir að aðstaða fyrir gestalið sé í góðu lagi.

Greinargerð:

Þingskjal 66 var vísað í Allsherjarnefnd.

Nefnd sér fyrir sér að hér sé um mjög þarft kennslufni að ræða. Þetta sé farið að gera í síauknum mæli.

Nefndin vill samþykkja tillöguna með smávægilegum orðalagsbreytingum (tilvísun í þingskjal 66.01).



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 66-01**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Þór AK.

Ný grein

Verður

2.1.27. Öll lið í efstu deild í meistaraflokki skulu taka upp sína heimaleiki á DVD og senda í pósti til HSÍ á næsta virka degi eftir leik. Félög geta síðan keypt leiki af HSÍ á kostnaðarverði. Ef félög skila ekki inn DVD af leik sínum þá geta þau ekki fengið leiki úr safninu.

Greinargerð:

Þingskjal 66 var samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn 5.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006**

Pingskjal nr: 67-00

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: KA

Breytingartillaga frá KA um yngri flokka

Tillagan nær til mótahalds í yngri flokkum og á aðallega við reglur 4.1.2 og frá 4.2.3 til og með 4.2.6.10.

Einnig snertir þetta og kostar breytingar á orðalagi í eftirfarandi reglum:
2.1.3, 2.1.4, 2.1.5, 2.3.2, 2.4, 5.1, 5.2, 9.6.3, 11.2.2, 11.2.11, 17.6, 17.7.

Keppni í yngri flokkum verður eftirfarandi:

Kept verður í hverjum árgangi fyrir sig og heita flokkarnir eftir bekkjum í skólakerfinu í grunnskóla meðan aldur iðkenda er á því stigi en síðan annað. Að sjálfsögðu á þetta við bæði kynin.

5.flokkur, 10 ára, 5.bekk

6.flokkur 11 ára, 6.bekk

7.flokkur 12 ára, 7.bekk

8.flokkur 13 ára, 8.bekk

9.flokkur 14 ára, 9.bekk

10.flokkur 15 ára, 10.bekk

Ungl.flokkur kvenna, 16-18 ára

Ungl.flokkur karla, 16 og 17 ára (eins og núverandi 3.flokkur,)

Ungmennaflokkur karla, 18-20 ára

Kept er í 2-3 deildum í hverjum flokki og hvert félag má senda eins mörg lið til leiks og það óskar. Raðað verður í deildir eftir frammistöðu næsta vetrar á undan.(sjá undanþágur í kaflanum Rök)

Lið heita eftir félagi sínu og ef um fleiri lið er að ræða frá sama félagi þá hljóta þau hærri númer(t.d. Vestri 1, Vestri 2, Vestri 3 o.s.frv. ekki er um A, B, C lið að ræða)

Kept verður í deildum sem hér segir:

Í 5.-8.flokki verður kept í 6-8 liða deildum

9.-10.flokkur keppir í 5-7 liða deildum.

5.-6. flokkur keppir 4 deildarmót yfir veturinn (í okt., nóv., jan.og mars)og síðan eitt opið mót (í apr./maí) þar sem dregið liðum er skipt í A hóp og B hóp eftir stöðu þeirra í deildum og síðan er dregið í 4-6 liða riðla og kept um sæti í hvorum hópi fyrir sig.

7.-8.flokkur keppir á 4 deildarmótum yfir veturinn (í okt.,nóv., feb., mars/apr.) og síðan eitt opið mót (í apr./maí) þar sem dregið liðum er skipt í A hóp og B hóp eftir stöðu þeirra í deildum og síðan er dregið í 4-6 liða riðla og kept um sæti í hvorum hópi fyrir sig.

9.-10. flokkar keppa á 5 deildarmótum yfir veturinn og síðan eitt opið mót (í apr./maí) þar sem dregið liðum er skipt í A hóp og B hóp eftir stöðu þeirra í deildum og síðan er dregið í 4-6 liða riðla og kept um sæti í hvorum hópi fyrir sig.

Í hverri deildarkeppni falla tvö neðstu lið í hverri deild og tvö efstu lið í næstu deild taka þeirra stað.

Þau lið sem sigra í hverri deild fá bikara og verðlaunapeninga. Önnur lið fá ekki verðlaun, nema í 5.-6.flokki fá allir þátttakendur verðlaun (bolur, verðlaunapeningur, brúsi o.fl.)

Í lok vetrar fá 3 efstu liðin, með bestan heildarárangur, eftir veturinn verðlaun, gull, silfur og brons auk þess sem efsta liðið verður Íslandsmeistari og fær bikar.

Stig til Íslandsmeistara reiknast þannig:

Lið sem lendir í 1. sæti í 1. deild fær 12 stig,

lið í 2. sæti 10 stig

lið í 3. sæti 8 stig,

lið í 4. sæti 7. stig,

lið 5. sæti 6 stig, og svo kolla af kolli niður í 1 stig.

7.-8.flokkar verða óbreyttir en heiti þeirra breytist í **byrjendaflokkur** (8.fl.) (pollaflokkur) og **krakkaflokkur**(7.fl.) (heitin rekast annars á ný flokkaheiti)

Leiktímar verða sömu og átti við um þessa árganga áður og fjallað er um í reglu 2.1.12 í lögum HSÍ.

Reglur í sambandi við þátttökugjöld til HSÍ verða þau sömu fyrir samsvarandi árganga.

Þátttökugjöld í mótum verða 8.000 kr fyrir hvert lið í hverjum flokki (það eru 1000-1500 á leik)

Bannað er að senda lið til keppni nema það sé að meirihluta skipað leikmönnum úr réttum árgangi. (hægt að sækja um undanþágu)

Skila þarf leikskýrslum eins og átti við um þessa aldurshópa áður.

Hver leikmaður má aðeins leika með einu liði hvers félags í hverri umferð Íslandsmótsins. Ekki er heimilt að skipta leikmönnum milli liða eftir næstsíðustu umferð mótsins.

Rök með breytingunum:

Allir hafa eins mótafyrirkomulag. Núverandi mótafyrirkomulag er flókið og ekki eins í mörgum flokkum og utanaðkomandi fólk, foreldrar og börnin sjálf skilja ekki fyrirkomulagið.(5.-6.fl.leika í stórum túrningum, 4.fl. í litlum túrningum, 3.fl.og ungl.fl. í deildarkeppni og 2.fl.í riðlakeppni)

Mótin í 5.flokki og e.t.v.6.flokki eru of stór og með þessu verða mótin minni.(minni tími í húsum, taka ekki eins mikinn tíma frá öðru í húsinu, færri starfsmenn þarf, færri dómarar)

Ekki hefur verið hægt að fara eftir reglum HSÍ um mót í 4.flokki því enginn vill fá þau í réttri stærð.

Leikir á sumum fjölliðamótum eru allt of fáir fyrir sum liðin.(3 -4 leikir á lið)

Reynt að fá 5-7 leiki út úr hverju móti fyrir hvert lið. (4-6 leiki fyrir 9.-10.flokk, því hitt er of mikið álag)

5.,7.,9. flokkar gætu keppt sömu helgi og 6.8.og 10.flokkur sömuleiðis. Þetta er til að einhverjir geti spilað með næsta flokki fyrir ofan.(Þessu má þó dreifa meira)

Ekki er þörf á uppröðunarmótum því það má fara eftir árangri síðasta vetrar. (nema árgangurinn verði fyrir skakkaföllum um sumarið og þá mætti hugsa sér að koma með séróskir.)

Fleiri félög sem óska eftir að fá mót eiga möguleika á því.

Nánast alltaf verið að keppa gegn jafnöldrum og því minni hætta á brottfalli yngra árs iðkenda.

Þingskjal 67 var vísað í Allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd lagði til að máli verði vísað í millipinganevnd, í ljósi þess hversu þarft málefnið er.

Þingskjal 67 samþykkt samhljóða.

Tillaga að millipinganevnd:

Vigfús Þorsteinsson
Erlingur Kristjánsson
Hafdís Guðjónsdóttir
Pétur Vilberg Guðnason auk eins aðila frá mótanevnd.

Millipinganevnd var samþykkt samhljóða.



**49. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
31.mars 2006
Þingskjal nr: 68-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.12. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur:	leiktími:	leikhlé:
Mfl. A	2x30 mín.	10 mín
Mfl. B	2x30 ”	10 “
1.flokkur	2x20 “	7 “
2.flokkur	2x30 “	10 “
Unglingaflokkur kvenna	2x30 “	10 “
nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.		
3.flokkur	2x30 “	10 “
nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.		
4.flokkur	2x20 “	7 “
5.flokkur	2x15 “	5 “
6.flokkur	2x10 “	3 “
7.flokkur	2x10 “	3 “

Verður

2.1.12. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur:	leiktími:	leikhlé:
Mfl. A	2x30 mín.	10 mín
Mfl. B	2x30 ”	10 “
1.flokkur	2x20 “	7 “
2.flokkur	2x30 “	10 “
Unglingaflokkur kvenna	2x30 “	10 “
nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.		
3.flokkur	2x30 “	10 “
nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.		
4.flokkur	2x25 “	7 “

5.flokkur	2x15 “	5 “
6.flokkur	2x10 “	3 “
7.flokkur	2x10 “	3 “

Greinargerð:

Þingskjal 68 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

13. Ákvörðun þáttökugjalda í Íslands- og Bikarmótum næsta keppnistímabil

Þennan lið taldi þingforseti óþarfi að taka sérstaklega fyrir, þar eð búið væri að fella þennan lið í þingskjölunum.

14. Önnur mál

Þá lýsti þingforseti orðið laust.

Erlingur var fyrstur á mælendaskrá. Hann benti á að á svona löngu og hraðafgreiddu þingi væri sáralítill vettvangur til að koma með skoðanir sínar. Því skyldi hann geyma erindi sín til næsta þings þar sem það þing er lengra og svigrúmið betra. Enda eru allir orðnir dauðþreyttir núna...

Næstur steig Þorgeir í pontu: Vildi árétta þá tillögu sem var felld í skjölunum, um að vert væri að breyta nafni 3. flokks í unglingsflokk og 2. flokk ungmennaflokk. Að öðru leyti þakkar hann fyrir gott þing.

Hólmgeir vildi þá taka undir með Erlingi að það væri bara tóm steypa að halda þing á þessum tíma svo seint á kvöldin, og það á föstudagskvöldi. Tímasetning er ennfremur fáránleg, svona þing á að halda í maí en ekki um mitt keppnistímabil. Að öðru leyti þakkaði hann fyrir gott þing.

Einar Þorvarðarson svaraði Hólmgeiri. Hann benti á að lög sambandsins kveða á um að það veri að halda þetta þing fyrir 1. maí. Það mun þurfa að breyta lögnum ef annað á fram að ganga.

Þá lagði **Pálmi Matthíasson** orð í belg. Hann byrjaði á að þakka fyrir sig þar eð hann myndi ekki gefa kost á sér aftur í stjórn. Þá vildi hann einnig þakka fyrir það tækifæri að fá að vera í handboltanum. Hann var fyrst kosinn formaður Handknattleiksráðs Akureyrar 15 ára gamall, fyrir 40 árum síðan, þar til hann fór að dæma leiki.

Þó er eitt sem hann hafði áhyggjur af. Allt of mikið af neikvæðum hugsunum fylgir hreyfingunni. Aldrei er klappað ef andstætt lið gerir eitthvað gott, en þess í stað er það lenska að drulla yfir dómara. Þetta er verulega neikvætt og sérstaklega blöskrar kvenfólki oft, sem gjarnan fer sjaldan á leiki og upplifir mikla árásargirni og ljótt orðbragð. Þá ganga forráðamenn félaganna gjarnan fremstir í flokki í að hrauna yfir dómara. Ekki batna nú dómaramálin við það! Brún þörf er á að bæta þetta, bæta andrúmsloftið og ímyndina því eins og staðan er í dag einkennist andrúmsloftið allt of mikið af sandkassaleik.

Þá þakkaði frábæru starfsfólki skrifstofu Handknattleikssambandsins. Stundum er það með hreinum ólíkindum hvað það starfsfólk fær yfir sig, fólk sem vinnur í þágu hreyfingarinnar og allra meðlima þess. Oft er gagnrýnin sem þau fá á sig mjög ómakleg, rétt eins og þau séu á móti einstökum félögum. Þá benti Pálmi á að félagið var eitt sinn í 188 milljón króna mínus og talið vonlaust að snúa því dæmi við. Nú er félagið komið niður í 5 milljónir og er það kraftaverk, eins og það taldist eitt sinn vera vonlaust verk.

Að lokum þakkaði Pálmi fyrir sig og tók það skýrt fram að hann væri ekki hættur að taka þátt né vera með þótt hann hafi núna dregið sig úr stjórn.

Vigfús tók þá upp þráðinn þar sem frá var horfið hjá Hólmgeiri. Hann sagði að þótt sambandið þyrfti að halda þing fyrir 1. maí hlýtur það að geta skipulagt málin betur svo ársþing skarist ekki svona við allt sem er að gerast, þar á meðal 1. deildar leiki sem hefur þurft að fresta vegna þessa ársþings.

Settur þingforseti svaraði beint Þorgeiri og taldi að af tillögu hans geti ekki orðið. Hann gat ekki séð að sambandið hefði heimild til að breyta því fyrirkomulagi sem nú er.

15. Kosning stjórnar

Kjartan bað þá settan varaþingforseta, **Örn Magnússon**, um að taka við.

Fyrst skyldi kjósa beinni kosningu formann, varaformann, ritara og gjaldkera, þá loks þrjá meðstjórnendur og þrjá varamenn.

Uppstillingarnefnd stakk upp á eftirfarandi skipan til stjórnar HSÍ:

- Formaður: **Guðmundur Ágúst Ingvarsson**. Endurkjörinn
- Varaformaður: **Sigurjón Pétursson**. Endurkjörinn
- Ritari: **Kjartan Steinbach**. Tekur þá við af Pálma Matthíassyni
- Gjaldkeri: **Ásgerður Halldórsdóttir**. Endurkjörin

Í meðstjórn eru eftirfarandi tilnefnd:

- **Friðrik Friðriksson**
- **Þórbergur Aðalsteinsson**
- **Ásgeir Jónsson** (nýr meðlimur)

Í varastjórn eru tilnefnd:

- **Erlingur Kristjánsson**
- **Guðmundur Davíðsson**
- **Þorbjörg Gunnarsdóttir**

Ofangreind stjórn og varastjórn telst réttkjörin.

16. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara

Þá tók settur þingforseti, Kjartan Steinbach, aftur við.

Tillaga um tvo aðalmenn:

- **Guðmundur Frímannsson**
- **Jón Gestur Viggósson**

Tillaga um tvo varamenn:

- **Pálmi Kristinsson**
- **Soffía Ragnarsdóttir**

Tillögur voru samþykktar án móttillögu og teljast þau því réttkjörin.

17. Kosning sex manna í Dómstól HSÍ

Tilnefnd voru:

- **Jóhannes Albert Sævarsson**
- **Smári Hilmarsson**
- **Bergþóra Sigmundsdóttir**

Í varastjórn voru tilnefnd:

- **Ágúst Sindri Karlsson**
- **Guðmundur B. Ólafsson**
- **Vala Valtýsdóttir**

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

18. Kosning sex manna í Áfrýjunardómstól HSÍ

Tilnefnd voru:

- **Þorgeir Ingi Njálsson**

- **Helgi Jónsson**
- **Gunnar Jónsson**

Til vara:

- **Benedikt Bogason**
- **Guðjón Marteinson**
- **Þorsteinn Einarsson**

Tillögur voru samþykktar samhljóða og teljast þau því réttkjörin.

19. Kosning þriggja manna í Laganefnd HSÍ

Þingforseti bar fram tillögu um eftirfarandi í Laganefnd HSÍ:

- **Bergþóra Sigmundsdóttir**
- **Vala Valtýsdóttir**
- **Hákon B. Sigurjónsson**

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

20. Kosning eins manns í heiðursmerkjanefnd HSÍ

Í heiðursmerkjanefnd HSÍ var tilnefndur **Kjartan Steinbach**.

Tillaga var samþykkt samhljóða.

21. Kosning þriggja manna í Félagaskiptanefnd HSÍ

Félagaskiptanefnd er ekki starfhæf, þar sem búið að leggja hana niður.

22. Kosning tveggja manna í Dómaragjaldanefnd

Þingforseti bar fram tillögu um eftirtalda í Dómaragjaldanefnd HSÍ:

- **Örn Magnússon**
- **Þorgeir Haraldsson**

Tilnefningar voru samþykktar samhljóða.

23. Kosning fulltrúa á íþróttabing

Þingforseti bar fram tillögu um eftirfarandi:

- **Guðmundur Ingvarsson**
- **Sigurjón Pétursson**
- **Pálmi Matthíasson**
- **Þorbjörg Gunnarsdóttir**
- **Ásgerður Halldórsdóttir**
- **Hermann Haraldsson** (frá Akureyri)
- **Páll Baldvin Jónsson** (frá Vestmannaeyjum)

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

24. Þingslit

Nýendurkjörinn formaður, **Guðmundur Ágúst Ingvarsson**, fær orðið. Hann þakkaði þingheimi og starfsmönnum HSÍ fyrir gott og málefnalegt ársþing. Þá óskaði hann fólki góðrar heimferðar að lokum.

Þingi slitið.